



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

**Íslenskuborpið og tileinkun íslensku sem
annars máls**

Ritgerð til BA-prófs í íslensku sem öðru máli

Edvardas Paškevičius

Maí 2013

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Íslenska sem annað mál

Íslenskuþorpið og tileinkun íslensku sem annars máls

Ritgerð til BA-prófs í íslensku sem öðru máli

Edvardas Paškevičius

Kt.: 280586-5369

Leiðbeinandi: Kolbrún Friðriksdóttir

Maí 2013

Ágrip

Máltileinkun hefur verið málefni ýmissa rannsókna síðan u.þ.b. árið 1950 og fræðimenn reyna sífellt að skilja þetta flókna ferli. Dýpri skilningur máltileinkunar gagnast við að bæta tungumálanám og auðveldar nemum að auka færni í tungumálinu sem þeir læra. Samkvæmt félags- og menningarkenningunni eru samskipti fólks ómissandi fyrir tileinkun tungumáls. Í daglegu umhverfi í samfélaginu finnast góð tækifæri til að læra tungumál, aðstæður máltileinkunar annars máls eru allsráðandi í samskiptum fólks. Hugmyndin að samþætta kennslustofu og tækifærin, sem fyrirfinnast úti í samfélaginu til að læra tungumál, er útfærð í Íslenskuþorpinu, sem hefur verið notað í fimm námskeiðum við Háskóla Íslands. Í ritgerð þessari er gildi Íslenskuþorpsins í tileinkun íslensku sem annars máls skoðað. Efnið er nálgast út frá sjónarhorni nemenda til Íslenskuþorpsins. Fræðilegur bakgrunnur Íslenskuþorpsins er kynntur þar sem félags- og menningarkenningin er þungmiðjan í mótun þess. Sjónum er beint að því hvernig Íslenskuþorpið var stofnað og hvað auðkennir það. Með könnunum, sem voru lagðar fyrir nemendur, er aflað gagna um gildi Íslenskuþorpsins og gerð er grein fyrir viðhorfi nemenda til þess. Skoðað er hvort Íslenskuþorpið hafi verið gagnlegt til að byggja upp og þjálfa færniþætti tungumálsins og hverjir hafi verið helstu kostir þorpsins við máltileinkun.

Lykilorð: Annarsmálsfræði, íslenska sem annað mál, máltileinkun utan kennslustofu, Íslenskuþorpið.

Formáli

Síðan árið 2010 hef ég verið mjög heppinn að fá styrk íslenska mennta- og menningarmálaráðuneytisins til að stunda nám í íslensku við Háskóla Íslands. Á síðustu þremur árum lagði ég fram mikla vinnu til að ná góðu valdi á íslensku og víkka skilning minn á tungumálinu almennt. Sem íslenskunemi var ég sífellt að leita að leiðum hvernig ég gæti bætt mína færni í íslensku, samtímis jókst áhugi minn á sviði máltileinkunar. Síðan ég kom til Íslands og frá upphafi námsins reyndi ég alltaf að tala á íslensku eins mikið og ég gat. Í byrjun tókst það ekki alltaf vel, annaðhvort var mér svarað til baka á ensku eða það sem ég hafði lært í kennslustofunni átti ekki við um þarfir mínar í daglegu lífi. Samt tók ég eftir því að ég lærði mikið þegar ég talaði við Íslendinga eða eyddi tíma með íslenskumælandi fólki. Sumarið 2012 fékk ég ljómandi sumarstarfstækifæri við Háskóla Íslands og var ráðinn sem aðstoðarmaður í íslenskunámskeiðum. Merkilegt er að Íslenskuþorpið var notað í þessum námskeiðum í fyrsta skipti og starfið mitt snérist einmitt um Íslenskuþorpið. Ég fékk einstakt tækifæri til að fylgjast með Íslenskuþorpinu og sjá þetta spennandi verkefni utan frá. Þetta heppilega samspil ýmissa tilviljana leiddi til þessarar ritgerðar þar sem athygli er beint að viðhorfi nemenda til Íslenskuþorpsins og hvort það styður við máltileinkun þeirra. Ritgerðin byggir að mörgu leyti á athugununum og því sem ég tók eftir þegar ég var aðstoðarmaður á framangreindum námskeiðum.

Ritgerð þessi er lokaverkefni til B.A.-prófs í íslensku sem öðru máli við íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands og er vægi hennar 10 einingar. Leiðbeinandi var Kolbrún Friðriksdóttir. Ég færi hennar mínar bestu þakkir fyrir góða leiðsögn og mikinn stuðning. Það hefur verið lærdómsríkt að vinna undir hennar leiðsögn og fá að njóta þeirrar þekkingar sem hún býr yfir. Fyrir starfstilboð að vinna hjá Íslenskuþorpinu og fyrir að veita mér ráðleggingar um hugmynd ritgerðarinnar er ég hjartanlega þakklátur Guðrúnu Theodórsdóttur. Einnig vil ég þakka Guðlaugu Stellu Brynjólfssdóttur fyrir ógleymanlegt og árangursríkt samstarf í Íslenskuþorpinu.

Efnisyfirlit

Ágrip	i
Formáli	ii
1. Inngangur	1
2. Annarsmálsfræði – fræðileg umræða	3
2.0 Inngangsorð	3
2.1 Yfirlit yfir þróun rannsókna í annarsmálsfræðum	3
2.2 Félags- og menningarkenningin	4
2.3 Tækifæri til máltileinkunar utan kennslustofunnar	7
2.4 Samantekt	9
3. Um Íslenskuþorpið	10
3.0 Inngangsorð	10
3.1 Hvað er Íslenskuþorpið?	10
3.2 Fræðilegar forsendur og hugmyndafræði Íslenskuþorpsins	11
3.3 Fyrirtæki í Íslenskuþorpinu	13
3.4 Hönnun og útlit Íslenskuþorpsins	14
3.5 Kennslufræðilegur grunnur	14
3.6 Samantekt	18
4. Íslenskuþorpið – viðhorfskannanir.....	19
4.0 Inngangsorð	19
4.1 Hvað var kannað?.....	19
4.2 Þátttakendur í könnuninni	21
4.2.1 Nordkurs-hópar	21
4.2.2 Minneapolis-hópur	22
4.2.3 Alþjóðlegur hópur	23

4.2.4 Framburður og tal I.....	23
4.3 Gagnasöfnun	24
4.4 Samantekt	25
5. Gildi Íslenskuþorpsins – niðurstöður viðhorfskannana.....	26
5.0 Inngangsorð	26
5.1 Íslenskuþorpið og uppbygging færniþátta	26
5.1.1 Orðaforði.....	27
5.1.2 Hlustunarskilningur	28
5.1.3 Framburður	30
5.1.4 Tal.....	31
5.1.5 Skilningur almennt	32
5.1.6 Sjálfstraust	33
5.1.7 Samantekt – Gildi Íslenskuþorpsins við uppbyggingu færniþátta	34
5.2 Helstu kostir Íslenskuþorpsins.....	35
5.2.1 Yfirlit yfir skoðanir nemendanna	35
5.2.2 Samantekt – Helstu kostir Íslenskuþorpsins	37
5.3 Samantekt	38
6. Lokaorð.....	39
Heimildaskrá.....	41
Viðauki 1. Fjöldi nemenda.....	43
Viðauki 2. Einkennismerki Íslenskuþorpsins.....	44
Viðauki 3. Sýnishorn spurninganna í könnununum.....	45

1. Inngangur

Fólk lærir annað tungumál vegna ýmissa ástæðna hvort sem það er tengt skóla, starfi, flutningum eða áhuga. Hefðbundin kennsla sem býðst við formlegar menntastofnanir beinir athygli venjulega að ákveðnum aðferðum innan kennslustofu og útilokar möguleika á að hagnast af samskiptum sem nemendur hafa í samfélagslegu umhverfi fyrir utan kennslustofu.

Íslenska sem annað mál hefur verið kennd við Háskóla Íslands í mörg ár og nemendum í námsgreininni hefur fjölgað talsvert á síðustu árum. Skráðir nemendur í greininni hafa verið vel á þriðja hundrað á undanförunum árum (sbr. viðauka 1). Námið veitir nemendum fræðilega nálgun að tungumálinu en sífellt er leitað að leiðum til að bæta námið, þ.e. hvernig á að styðja við tileinkun íslensku. Íslenskuþorpið er nýstárlegt frumkvæði sem hefur verið notað við kennslu í fimm íslenskunámskeiðum við Háskóla Íslands. Íslenskuþorpið sameinar kennslu í kennslustofu og máltileinkunarmöguleika sem eru í samfélagslegu umhverfi, og getur verið þýðingarmikið atriði í íslenskukennslu.

Íslenskuþorpið mótast af kenningum og rannsóknum ýmissa fræðimanna, s.s. Lev Semyonovich Vygotsky, Johannes Wagner, Alan Firth, Brendon Clark, Søren W. Eskildsen o.fl. og byggir á doktorsrannsókn Guðrúnar Theodórsdóttur (2010) um máltileinkun íslensku sem annars máls við raunverulegar aðstæður utan kennslustofunnar. Heiti doktorsritgerðarinnar er: *Conversations in Second Language Icelandic: Language Learning in Real-Life Environments*.

Umfjöllunarefni þessarar ritgerðar er tileinkun íslensku sem annars máls og verður sjónum einkum beint að hlutverki Íslenskuþorpsins í því frá sjónarhorni nemenda. Nemendamat og endurgjöf þeirra eru atriði sem veita nánari skilning á náminu og skipta miklu máli ef um þróun námsins er að ræða. Svör nemenda á könnunum, sem gerðar voru um Íslenskuþorpið, eru skoðuð í ritgerðinni og leitað verður svara við eftirfarandi rannsóknarspurningu með hliðsjón af tveimur undirspurningum hennar:

(1) **Styður Íslenskuþorpið við tileinkun íslensku sem annars máls?**

- a. Er Íslenskuþorpið gagnlegt við að byggja upp helstu færniþætti í málinu?
- b. Hverjir eru helstu kostir Íslenskuþorpsins við máltileinkunina?

Umfjöllun um málefni ritgerðarinnar byrjar í öðrum kafla þar sem sjónum er einkum beint að fræðilegum grunni Íslenskuþorpsins. Farið er yfir rannsóknir á annarsmálsfræðum frá sögulegu sjónarhorni og er fjallað um helstu straua sem voru ríkjandi og höfðu áhrif á

annarsmálsfræði. Í ritgerðinni er félags- og menningarkenning Vygotskys, að samskipti og tjáskipti skipta máli í tileinkun annars máls, höfð að leiðarljósi. Þá er litið á umræðu um máltileinkun í raunverulegu umhverfi og hvernig er hægt að samþætta það við nám í kennslustofu. Í lok kaflans eru aðalatriðin dregin saman.

Í þriðja kafla er sjónum beint að þeim þáttum sem mynda kjarna Íslenskuþorpsins. Sagt er frá því hvað Íslenskuþorpið er og greint er frá fræðilegum forsendum og hugmyndafræði Íslenskuþorpsins. Þar á ofan er vikið að þeim fyrirtækjum sem eru hluti af Íslenskuþorpinu og einnig beinist umfjöllunin að þáttum sem varða hönnun og útlit Íslenskuþorpsins. Síðast er rætt um kennslufræðilegan grunn Íslenskuþorpsins. Í lok kaflans eru aðalatriðin dregin saman.

Í fjórða kafla er farið yfir kannanir til að meta viðhorf nemenda til Íslenskuþorpsins. Fyrst er skoðað hvað hefur verið kannað og könnuninni er lýst nánar. Þá er litið á þátttakendur í könnuninni, þ.e. hverjum nemendahópi í námskeiðum þar sem notast var við Íslenskuþorpið lýst. Farið verður yfir hvað einkennir hópana. Einnig er gerð grein fyrir gagnasöfnun og greining niðurstaðna er afmörkuð. Í lok kaflans eru aðalatriðin dregin saman.

Fimmti kafla gerir grein fyrir gildi Íslenskuþorpsins þar sem athyglinni er einkum beint að niðurstöðum viðhorfskannana. Kaflinn skiptist í þrjú undirkafla, í fyrstu tveimur er svarað undirspurningum rannsóknarspurningarinnar með því að skoða hvort Íslenskuþorpið sé gagnlegt við að byggja upp orðaforða, hlustunarskilning, framburð, tal, skilning almennt, sjálfstraust til að nota tungumálið og hverjir helstu kostir Íslenskuþorpsins eru við máltileinkun. Í þriðja undirkafla eru aðalatriði kaflans dregin saman.

Í lokakaflanum eru aðalniðurstöður dregnar saman og er lítillega vikið að framtíð Íslenskuþorpsins.

2. Annarsmálsfræði – fræðileg umræða

2.0 Inngangsorð

Tungumál er hæfileiki sem gerir fólk fært um að tjá sig, láta í ljós eigin hugsun, tilfinningar og þarfir. Vitað er að fólk er hæft til að læra fleiri en eitt tungumál. Börn geta lært fleiri en eitt tungumál í einu og geta þá orðið tvítýngd. Þegar börn læra mál við móðurkné er talað um *móðurmál* þeirra og ferlið að baki nefnt *máltaka* (e. first language acquisition). Hugtakið *annað mál* (e. second language) á hins vegar við um það eða þau tungumál sem eru lærð á eftir móðurmálinu, sem getur þá allt eins verið annað, þriðja eða fjórða mál og lærist af umhverfinu eða við formlegar námsaðstæður í viðkomandi málsamfélagi. Með hugtakinu *erlent mál* (e. foreign language) er svo á hinn bóginn átt við það þegar tungumálið sem er lært er hvorki heimamál viðkomandi né tungumál málsamfélagsins. Mikill munur er á því hvernig börn og fullorðnir læra tungumál en hugtakið *máltileinkun* (e. second language acquisition) er notað í umræðum um nám annars máls hjá fullorðnum. Fræðasviðið í heild hefur svo verið nefnt *annarsmálsfræði* (e. Second Language Acquisition) (sbr. Birna Arnbjörnsdóttir 2007:14-15, 317). Viðfangsefni þessarar ritgerðar snýr að fullorðnum málnefum og tileinkun íslensku sem annars máls. Eins og minnst var á í 1. kafla verður athyglinni beint í ritgerðinni að Íslenskuþorpínu og stuðningi þess við máltileinkun þeirra.

Á síðustu áratugum hafa rannsóknir í vaxandi mæli beinst að sviði annarsmálsfræða þar sem m.a. hefur verið leitað svara við því hvernig styðja megi við tileinkun annars máls. Í þessum kafla verður sjónum einkum beint að máltileinkun sem verður fyrir utan kennslustofuna, þ.e. fræðilegum grunni Íslenskuþorpsins og máltileinkunartækifærum utan kennslustofu en um það er nánar fjallað í kafla 2.3. Áður en að því kemur verður þó í kafla 2.1 vikið að helstu straumum og stefnum í rannsóknum á tileinkun annars og erlendra mála og í kafla 2.2 verður fjallað um hina svonefndu félags- og menningarkenningu. Í kafla 2.4 verða aðalatriðin síðan dregin saman.

2.1 Yfirlit yfir þróun rannsókna í annarsmálsfræðum

Rannsóknir á tileinkun annars máls og erlendra mála spanna yfir tímabilið frá 1950 til okkar daga og einkennast af mismunandi stefnum og kenningum. Hér verður gefið yfirlit í stuttu máli yfir helstu strauma sem hafa verið ríkjandi á sviði annarsmálsfræða.

Formgerðarstefnan (e. Structuralism) var áhrifamikil í tungumálarannsóknum á árunum 1950-1960 þar sem athyglinni var beint að formgerð og mismun milli tungumála og hvernig hann hefði áhrif í námi tungumála. Kenningin sem hafði mikil áhrif á þessum tíma hefur verið kölluð samanburðarkenningin eða *andstæðugreining* (e. Contrastive Analysis). Í kringum 1970 urðu *málkunnáttufræði* (e. Generative Grammar) og *algildismálfræði/allsherjarmálfræði* (e. Universal Grammar) ráðandi kenningar sem má rekja til málvísindamannsins Noam Chomskys. Rannsóknir á þessum tíma beindust að því að skýra eðli allsherjarmálfræðinnar og hvernig hún, í samspili við *ílagið* (e. input), styrkir uppbyggingu og þróun málkerfisins hjá börnum og fullorðnum hvort sem um móðurmál eða annað mál er að ræða (sbr. Birna Arnbjörnsdóttir 2007:16). Tímabilið á árunum eftir 1980 einkennist af útvíkkun rannsóknarsviða með tilliti til máltöku og máltileinkunar með aukinni áherslu á þverfaglega nálgun. Meðal annars eru teknir til greina vitsmunalegir þættir, félags- og menningarleg atriði, málumhverfi, einstaklingsbundnar breytur o.fl. Margir fræðimenn telja að nám tungumáls sé eins og hvert annað nám á meðan aðrir líta á máltileinkun eingöngu út frá félagslegu sjónarhorni (sbr. Mitchell og Myles 1998:32).

Af því sem hér hefur verið sagt er ljóst að margvísleg atriði geta skipt máli í tileinkun annars tungumáls. Rætt hefur verið um mikilvægi þess að fullnægjandi lýsing á tileinkun annars máls eða erlendra mála verði að sameina og samhæfa hlutverk allra breytna í tileinkun tungumála, þ.e. mállegar, vitsmunalegar, félagslegar og einstaklingsbundnar. Athyglisverð er hugmynd þeirra Firth og Wagners (sbr. Firth o.fl. 1997), þeir benda á að ríkjandi hugmyndafræði málkunnáttufræðinga sé ennþá villumiðuð og ekki sé hugað að því hvað nemandinn kann og hvað sú kunnátta segir um tileinkunarferli tungumálsins. Að þeirra mati er nauðsynlegt að þróa rannsóknaraðferðir sem ekki séu málfræðimiðaðar og þeir hafa verið talsmenn rannsókna á sviði *samtalsgreiningar* (e. Conversation Analysis). Samtalsgreining byggist á ítarlegri greiningu á raunverulegum tjáskiptum málnefna og viðmælenda þeirra og því hvernig annað mál þróast með því m.a. að *ráðgast um merkingu* (e. negotiate meaning) (sbr. Birna Arnbjörnsdóttir 2007:40-41). Hugmyndir þeirra Firth og Wagners grundvallast á *félags- og menningarkenningunni* (e. Sociocultural Theory) sem verður til umfjöllunar í næsta kafla. Sú kenning mótar jafnframt hugmyndafræðilegan grunn Íslenskuþorpsins sem verður til umfjöllunar í kafla 2.3.

2.2 Félags- og menningarkenningin

Félags- og menningarkenningin gengur út frá kenningum rússneska sálfræðingsins Vygotskys en með henni er lögð áhersla á þá hugmynd að þekking einstaklinga verði til í samskiptum

við umhverfið, sérstaklega við þá sem eru þroskaðri og hafa meiri kunnáttu en sá sem lærir (sbr. Saville-Troike 2006:25). Samkvæmt kenningunni eru samskipti fólks nauðsynleg fyrir notkun og tileinkun tungumáls.

Þeir sem aðhyllast félags- og menningarkenninguna telja að alls kyns lærdómur, þar með talið máltileinkun, sé í grundvallaratriðum félagsleg athöfn en ekki eitthvað sem einstaklingur gerir einn og sér. Lykilhugmyndin í þessari nálgun er sú að samskipti auðveldi ekki aðeins máltileinkun heldur séu þau einnig aflið að baki máltileinkun. Líta beri á tileinkunarferli sem félagslegt ferli sem fari fram í félagsmenningarlegu umhverfi. Samkvæmt félags- og menningarkenningunni á tileinkun sér stað þegar einfaldar vitsmunalegar athafnir umbreytast í flóknari vitsmunalega virkni (sbr. Saville-Troike 2006:111-112).

Eins og sagt var hér að framan er kjarni félags- og menningarkenningarinnar sú hugmynd að þekking einstaklingsins verði til í samskiptum við umhverfið, einkum í samskiptum við þá sem eru þroskaðri og vita og kunna meira (t.d. innfæddir) en sá sem lærir (t.d. málnemar). Maðurinn tileinkar sér ekki aðeins þekkingu á málfræðilegri uppbyggingu tungumálsins heldur lærir hann einnig samskiptahefðir þess og þá heimssýn sem í þeim er fólgið. Þessi hugsun skilgreinir tungumálanám sem „tileinkun ferlis“, frekar en tileinkun málfræðilegs kerfis, „sem er samsett af mismunandi mynstrum sem einkenna þau samfélög þar sem málið er notað“ (Birna Arnbjörnsdóttir 2007:38; tilvitnun hennar í Gee og Green 1998).

Birna Arnbjörnsdóttir hefur tengt saman umræður um ríkjandi hugmyndafræði í menntun, þ.e. *hugsmíðahyggju* (e. Constructivism), og ferli máltileinkunar. Samkvæmt hugsmíðahyggjunni verður þekking til þegar nemandinn byggir hana sjálfur út frá ílaginu og verkefnum sem fyrir hann eru ætluð (sbr. Birna Arnbjörnsdóttir 2007:39; tilvitnun hennar í Bruner 1973). Álitið er að sterk tengsl séu því á milli þeirra verkefna sem nemendur fá að leysa og máltileinkunar og að mál verði til í samvinnu við aðra, t.d. nemendur, kennara, o.s.frv. (sbr. Birna Arnbjörnsdóttir 2007:39). Túlkun Birnu á máltileinkun samkvæmt hugmyndafræði hugsmíðahyggjunnar er þríþætt:

- Máltileinkun fer fram þegar nemendur vinna verkefni sem krefjast samvinnu og tjáskipta.
- Samvinna við „lærimeistara“ leiðir til aukinnar þekkingar „lærisveinsins“.

- Samtöl eru helstu tákfræðilegu tólin sem við höfum yfir að ráða til að leiða „lærisveina“ í þekkingarleitinni og aðstoða þá við að ná skilningi og þekkingu á umheiminum sem þeir hefðu ekki annars náð.

(Birna Arnbjörnsdóttir 2007:39)

Vert er að nefna hér hugmyndina sem byggir á félags- og menningarlegu nálguninni og kallast *stoðir* (e. scaffolding) í samskiptum. Hugtakið stoðir felur í sér leiðir eða stuðning í námi og í samskiptum á milli innfædds málhafa („lærimeistara“) og málnemans („lærisveins“) þar sem „lærimeistarar“ veita nemendum ílag sem þeir geta nýtt til þess að tjá sig munnlega um það sem er fyrir utan þeirra kunnáttu og hæfni. Almennt séð vísar hugtakið stoðir til aðstoðar sem „lærimeistari“ veitir nemendum til að tjá sig eða framkvæma og ljúka verkefni og þá er mikilvægt að nemandinn sé virkur þátttakandi (sbr. Saville-Troice 2006:112-113). Einnig geta stoðir verið notaðar í kennslu til að gera námsefni aðgengilegra, t.d. þegar kennarinn aðstoðar nemandann við að leysa verkefni sem hann hefði ekki annars getað leyst. Sem dæmi má nefna þegar athygli er dregin að „ákveðnum þáttum sem þarf að kenna sérstaklega, til að einfalda eða afmarka verkefni svo að nemandinn ráði við það, viðhalda hvatanum til að ljúka verkinu o.s.frv.“ (Birna Arnbjörnsdóttir 2007:39).

Í samskiptum „lærisveinsins“ og „lærimeistarans“ fá nemendur ílag, þ.e. málið sem nemandinn heyrir í umhverfinu og í samskiptum. En til þess að ílagið leiði til máltileinkunar þarf það að vera skiljanlegt, þannig er æskilegt að „lærimeistarinn“ noti einfaldari form og orðaforða sem hæfir stigi málnemans (sbr. Yule 2010:192). Sumir fræðimenn (sbr. Birna Arnbjörnsdóttir 2007:41; tilvitnun hennar í Bley-Vroman, 1983; Firth og Wagner 1997; Cook 1999; Ellis og Larsen-Freeman 2006; Lave og Wegner 1991) hafa bent á þörfina fyrir að þróað verði líkan sem nái til allra þátta máltileinkunar, þ.e. mállegra, vitsmunalegra, félagslegra og einstaklingsbundinna. Firth og Wagner (1997) leggja áherslu á ítarlegri greiningu á raunverulegum tjáskiptum nemenda og þeirra viðmælenda og þróun millimáls. Cook (1999) telur að það markmið að ná færni innfæddra sé óraunhæft og að í stað þess ætti það að vera markmið í tungumálanáminu að verða *hæfur málnotandi* á öðru máli (e. competent L2 user) þannig að nemandi geti bjargað sér í málsamfélaginu þar sem hann býr og samlagast.

Yule (2010:193) segir að samskipti sem veita tækifæri til *frálags* (e. output) geti leitt til máltileinkunar, samt sé erfitt að veita viðeigandi aðstæður eingöngu í hefðbundnu kennslustofunni þar sem venjulega kennslan fer fram. Einnig spyr Wagner (2004) að því af hverju dyr kennslustofunnar séu ennþá lokaðar fyrir þeim tækifærum til máltileinkunar sem bjóðast í samfélaginu.

Í heild er talið samkvæmt félags- og menningarkenningunni að tungumál lærist í gegnum félagslegar athafnir, m.ö.o. í samskiptum. Einnig er alþekkt að sumum málnefum tekst betur upp en öðrum við máltileinkunina og hefur þá verið bent á að þar geti skipt sköpum hversu mikinn aðgang þeir hafa að þátttöku í samfélaginu þar sem málið er notað eða hve mikinn stuðning þeir fá frá „lærimeistara“ og hvernig þeir nýta sér þá aðstoð sem hefur verið veitt (sbr. Saville-Troike 2006:116). Eins og kemur fram í kafla 2.3 á máltileinkun sér stað í umhverfinu utan kennslustofunnar og það að tengja tækifæri til máltileinkunar sem eru í samfélaginu við kennslustofuna getur verið mikilvægt atriði til að styðja við tileinkunarferlið.

Í næsta kafla verður fjallað um máltileinkun sem fer fram fyrir utan kennslustofuna og um mögulega samþættingu náms í kennslustofu og náms við raunverulegar aðstæður í samfélaginu.

2.3 Tækifæri til máltileinkunar utan kennslustofunnar

Raunveruleg samskipti í tengslum við tileinkun annars máls hafa verið áhugasvið fræðimanna í nokkurn tíma. Víst er að tækifærin til að læra tungumál gefast víða í umhverfinu, ekki síst í samskiptum á öðru tungumáli (sbr. Guðrún Theodórsdóttir 2010; tilvitnun hennar í Wagner 2010). Málnotkun er forsenda máltileinkunar, m.ö.o. þátttaka málnefins í ýmsum athöfnum og samskiptum í samfélagi *markmálsins* (e. target language) getur skipt máli til að málnefminn nái árangri í tileinkun tungumálsins.

Samkvæmt Wagner (2004) eru raunveruleg tækifæri fyrir máltileinkun í daglegu lífi samfélagsins og þau gætu tengst þeim verkefnum sem eru unnin í kennslustofunni. Samkvæmt þessu ætti kennsla í kennslustofunni að vera nátengd samfélagslegum athöfnum nemenda en því miður er kennslan iðulega eingöngu í kennslustofunni og úr tengslum við raunveruleikann í samfélaginu utan hennar. Að hans mati ætti tungumálakennsla að vera tengd við verkefni sem nemendur leysa fyrir utan kennslustofuna því raunveruleikinn veiti nemendum tækifæri til að taka þátt í athöfnum daglegs lífs í samfélaginu. Hann færir margvísleg rök fyrir því að það sé ekki árangursríkt að takmarka tungumálakennslu eingöngu við kennslustofuna.

Guðrún Theodórsdóttir (2010) segir að þátttaka í raunverulegum samskiptum fyrir utan kennslustofuna skipti miklu máli til að máltileinkun eigi sér stað. Nemendur nýta sér sérstakar aðferðir og kunnáttu innfæddra í þeim tilgangi að auka eigin kunnáttu í tungumálinu. Eins og komið var inn á í kafla 2.2 geta aðstæður til máltileinkunar skapast í hversdagslegum samskiptum með því að málnefminn tekur sér hlutverk „lærisevns“ í

samskiptum við „lærimeistara“. Samkvæmt Guðrúnu (2010, 2011) er samskiptamarkmið hjá þeim sem hefur mál að móðurmáli annað en hjá þeim sem talar málið sem annað mál, þ.e. sá fyrrnefndi, sem er líklega innfæddur, beinir athyglinni að umræðuefninu á meðan hinn, sem er að læra annað mál, beinir henni bæði að umræðuefninu og málfarslegum atriðum. Hún bendir jafnframt á að það sé „lærisveinninn“ sem er drifkraftur í slíkum samskiptum, þ.e. nemandinn stýrir samtalinu en ekki „lærimeistarinn“ og nemandinn ber ábyrgð á því að íslenska sé töluð í samskiptunum. Áður hefur verið greint frá því að til þess að nýta aðstoð og kunnáttu „lærimeistarans“ vel þurfi nemandi að vera virkur þátttakandi en ekki óvirkur viðtakandi (sbr. Saville-Troike 2006:112-113).

Til viðbótar má nefna að byrjendum getur reynst erfitt að nýta sér samskipti í raunverulegu umhverfi utan kennslustofunnar, sérstaklega í samfélagi eins og því íslenska þar sem flestir tala ensku við útlendinga. Benda má á að í fyrrgreindum samskiptum er mikilvægt að viðkomandi taki sér hlutverk „lærisveins“ því þannig myndast tækifæri til að læra ef réttar aðstæður eru fyrir hendi. En tækifærin til að læra myndast ekki sjálfkrafa, þau krefjast samspils í samskiptum tveggja eða fleiri viðmælenda (sbr. Guðrún Theodórsdóttir o.fl. 2011).

Guðrún Theodórsdóttir (2010) hefur sýnt fram á það að máltileinkun á sér stað í umhverfinu utan kennslustofunnar og málnefi með íslensku sem annað mál nýtir sér tækifæri til að læra nýja málið í samskiptum við þá sem hafa meiri kunnáttu í íslensku. Í rannsókn hennar er byggt á raunverulegum samtölum nemanda, Önnu, sem lærði íslensku sem annað mál við Háskóla Íslands. Anna er kanadísk og hún notaði íslensku í daglegum samskiptum frá byrjun námsins þrátt fyrir að hana skorti oft orðaforða, málfræðireglur o.s.frv. Anna var mjög ákveðin í að nýta innfædda og samskipti við þá til þess að læra og bæta eigin færni í íslensku. Hún tók upp eigin samtöl á íslensku yfir þriggja ára tímabil. Niðurstöður Guðrúnar (2010) sýna að málnefi beita markvissum aðferðum við að tvinnna saman hversdagsleg erindi og íslenskunám. Rannsókn Guðrúnar veitir innsýn í hvernig tungumál lærist í samfélaginu við hversdagslegar aðstæður eins og greining á upptökum Önnu leiddu í ljós. Guðrún hefur bent á að kennsla í kennslustofu taki ekki nógu mikið mið af því sem nemendur eru að reyna að gera utan hennar og telur mikilvægt að brúa bilið þar á milli.

Tilraunarverkefni hefur verið unnið í Svíþjóð (Clark, Wagner o.fl. 2011) þar sem tilgangurinn var sá að tengja verkefni í kennslustofu við samskipti í fyrirtækjum í samfélaginu til þess að styðja við máltileinkun nemendanna. Grundvöllurinn er að nýta hversdagsleg samskipti á milli sænskumælandi fólks og sænskunema til að skapa aðstæður fyrir máltileinkun. Hugmyndin er að láta þau fara út í raunveruleikann og eiga samskipti við

innfædda eftir fyrirfram ákveðnu skipulagi. Nemendur eiga þá samskipti við innfædda á sænsku með því að beina athygli ekki einungis að málfarslegum atriðum heldur einnig að raunverulegum athöfnum, m.ö.o. þeir nýta sér þekkingu og stuðning viðmælandans um leið og þeir sinna erindum sínum. Í þeim samskiptum fylgja þeir sérstöku mynstri við máltileinkunina sem lýsa má sem „sestu, talaðu, sestu“: 1) að setjast niður fyrir samskipti og undirbúa sig, hugsa um samskiptin og skrifa niður minnispunkta; 2) að taka þátt í samskiptum við innfædda og leysa verkefni samkvæmt því; 3) að setjast niður aftur eftir samskiptin og fara yfir, skrifa niður minnispunkta og velja samskiptunum fyrir sér. Fyrrgreint verkefni er dæmi um það hvernig er hægt að styðja við tileinkun annars máls og mynda viðeigandi umhverfi og aðstæður fyrir máltöku.

Samkvæmt því sem hefur verið rætt um hér fyrir ofan er hægt að mynda umhverfi þar sem tileinkun annars máls getur farið fram utan kennslustofunnar, þ.e. nemendur geta haft samskipti við innfædda og byggja upp ýmsa færniþætti í tungumálinu, en myndun Íslenskuþorpsins er m.a. innblásin af ofangreindu verkefni. Um Íslenskuþorpið er nánar fjallað í kafla 3.

2.4 Samantekt

Í þessum kafla var aðallega litið á það efni sem er fræðilegur grunnur Íslenskuþorpsins. Fyrst var farið yfir fræðilega umræðu á sviði annarsmálsfræða, síðan var sérstakri athygli beint að félags- og menningarkenningu Vygotskys. Rætt var um að tækifæri til máltileinkunar væru víða í samfélaginu utan kennslustofunnar og að nauðsynlegt væri að samþætta verkefni í kennslustofu við verkefni utan hennar. Að lokum var fjallað um þær aðferðir sem málnefni beitt í samskiptum í umhverfinu fyrir utan kennslustofuna og um nýjustu rannsóknir á því sviði. Eins og mun koma fram í næsta kafla er Íslenskuþorpið nýsköpunarverkefni sem hefur það að markmiði að skapa ónotuð tækifæri sem leynast í samfélaginu til þess að styðja við tileinkun íslensku sem annars máls.

3. Um Íslenskuþorpið

3.0 Inngangsorð

Í þessum kafla verður sjónum beint að þeim þáttum sem mynda kjarna Íslenskuþorpsins. Í kafla 3.1 verður sagt frá því hvað Íslenskuþorpið er, í kafla 3.2 verður greint frá fræðilegum forsendum og hugmyndafræði þorpsins, í kafla 3.3 verður vikið að þeim fyrirtækjum sem eru hluti af Íslenskuþorpinu, í kafla 3.4 beinist umfjöllunin að þáttum sem varða hönnun og útlit þorpsins og í kafla 3.5 verður rætt um kennslufræðilegan grunn Íslenskuþorpsins. Í kafla 3.6 verða aðalatriðin síðan dregin saman.

3.1 Hvað er Íslenskuþorpið?

Með Íslenskuþorpinu er boðið upp á nýstárlega leið í tungumálanámi fyrir fólk sem er að læra íslensku sem annað mál við Háskóla Íslands. Á heimsíðu Íslenskuþorpsins má sjá þessa lýsingu:

Íslenskuþorpið er að finna innan ákveðinna fyrirtækja á Háskólasvæðinu og í bæjarlífinu í Reykjavík: á kaffihúsi, í bókabúð, bakaríi, sundlaug og veitingastað. Íslenskunemarnir undirbúa sig í kennslustofu áður en þeir fara í Íslenskuþorpið til að sinna erindum sínum. Starfsfólkið í fyrirtækjunum tekur þeim fagnandi og tryggir að íslenska verði töluð við afgreiðsluna. Íslenskuþorpið myndar þannig styðjandi umgjörð á leið til virkrar þátttöku í samfélaginu.

(Íslenskuþorpið 2012)

Íslenskuþorpið er hluti af námskeiðum fyrir byrjendur í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands. Íslenskuþorpið er þannig námsumhverfi innan raunverulegra fyrirtækja úti í samfélaginu. Gert var samkomulag við ákveðin fyrirtæki í bænum, s.s. bakarí, kaffihús, sundlaug og bókasafn, um að vera þátttakendur í Íslenskuþorpinu. Starfsfólkið í þátttökufyrirtækjunum hefur fengið undirbúning og fræðslu um þarfir og stöðu byrjenda í námi íslensku sem annars máls. Samkomulagið við fyrirtækin felur meðal annars í sér svokallaðan „tungumálasamning“ sem þýðir að starfsmenn skuldbinda sig til að tala eingöngu íslensku við nemendur. Nemarnir fara í Íslenskuþorpið til að þjálfa málnotkun og geta treyst því að eingöngu íslenska verði töluð við þá því tungumálasamningurinn hefur verið gerður áður og þess vegna fara öll samskipti fram á íslensku. Í Íslenskuþorpinu þjálfa nemendur

raunverulegt og daglegt mál við raunverulegar aðstæður. Þeir hafa þannig tækifæri til að byggja upp færniþætti tungumálsins innan markviss og sérsniðins æfingaumhverfis. Skýr kennslufræði liggur til grundvallar í Íslenskuþorpinu en hún verður rædd í kafla 3.5. Með Íslenskuþorpinu er mynduð brú úr kennslustofunni yfir í samskipti daglegs lífs. Og með þessu stuðningsvæna umhverfi Íslenskuþorpsins er ætlunin að skapa aðstæður fyrir málnema í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands til að nota íslensku við daglegar aðstæður og að búa íslenskunemana undir virka þátttöku í samfélaginu.

Íslenskuþorpið er þverfaglegt samstarfsverkefni fræðimanna á sviði annarsmálsfræða við Háskóla Íslands, Listaháskóla Íslands, Syddansk Universitet í Danmörku og Interactive Institute í Svíþjóð. Teymi fræðimanna á sviði annarsmálsfræða auk kennara og nemenda í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands hefur unnið að útfærslu Íslenskuþorpsins í samstarfi við fræðimenn í annarsmálsfræðum og nemendur á sviði gagnvirkar hönnunar í tungumálanámi frá Syddansk Universitet, Interactive Institute í Svíþjóð og Listaháskóla Íslands.

Ef á framtíð Íslenskuþorpsins er litið má nefna hugmyndina að útfæra sambærileg þorp úti á landi eða annars staðar á Norðurlöndum þar sem tungumálanemar glíma við sambærilegan vanda og hérlendis.

Íslenskuþorpið hefur nú verið nýtt sem mikilvægur hluti af fimm íslenskunámskeiðum við Háskóla Íslands en nánar verður fjallað um það í 4. kafla ritgerðarinnar. Í næsta undirkafla verður fjallað um þær fræðilegu forsendur sem liggja að baki Íslenskuþorpsins og meginatriði í hugmyndafræði þess.

3.2 Fræðilegar forsendur og hugmyndafræði Íslenskuþorpsins

Eins og áður hefur komið fram í kafla 2 eru ýmis tækifæri í samfélaginu til að nota tungumálið en nemendur í íslensku sem öðru máli fá ekki mörg tækifæri til að nota nýja málið við daglegar aðstæður í samfélaginu. Ástæðurnar geta verið margvíslegar, t.d. er enskukunnátta almenn meðal Íslendinga og þeir skipta gjarnan yfir í ensku þegar íslenskunemarnir reyna að tala íslensku við þá. Sú þjálfun sem nemarnir fá í samskiptum á íslensku er því að mestu einskorðuð við kennsluumhverfið, en kennslan í kennslustofum tekur hins vegar ekki nægilegt mið af því sem nemendur eru að reyna að gera utan hennar (sbr. Guðrún Theodórsdóttir 2010).

Eins og bent var á í kafla 2.3 getur verið erfitt fyrir nemendur að brúa bilið milli þess sem þeir læra í kennslustofunni og þess sem þeir þurfa að gera utan hennar en tengsl kennslustofunnar við raunverulegt líf mun auka þátttöku nemenda í samfélaginu og hjálpa

þeim að öðlast hagnýta reynslu sem nýtist við tileinkun annars tungumáls (sbr. Wagner 2004).

Málnemi getur nýtt sér tækifæri sem gefast til að læra íslensku um leið og hann sinnir daglegum erindum sínum við raunverulegar aðstæður, eins og hefur komið fram í kafla 3. Máltileinkun á sér stað utan kennslustofunnar en sá möguleiki máltileinkunar sem á sér stað fyrir utan kennslustofuna hefur hins vegar ekki verið notaður í kennslu annars máls (sbr. Guðrún 2010).

Flestir nýnemar í íslensku reyna að nota íslensku snemma í námi en eru stundum í erfiðleikum vegna mismunandi ástæðna, t.d. treysta sér ekki til að tala íslensku, þeim er svarað á ensku, þekkja ekki Íslendinga o.s.frv. Ef á fyrirmyndina Önnu, sem rædd var í kafla 2.3, er litið reynir hún strax að taka þátt í samskiptum á íslensku í daglegu lífi sínu. Hún beitir markvissum aðferðum við að tvínna saman hversdagsleg erindi og íslenskunám. Hún nýtir sér tækifæri sem gefast til að læra íslensku um leið og hún sinnir daglegum erindum sínum (sbr. Guðrún 2010). Eins og hefur komið fram í kafla 2 lærir tungumál, samkvæmt *félags- og menningarkenningu*ni í mannlegum samskiptum, þ.e. „þekking einstaklings verður til í samskiptum við umhverfið, sérstaklega í samskiptum við þá sem eru þroskaðri og vita og kunna meira en sá sem lærir“ (Birna Arnbjörnsdóttir 2007:38). En rannsóknir annars máls sýna að mannleg samskipti eru ekki nægileg forsenda til að máltileinkun eigi sér stað. Málnemi þarf að beita ákveðnum aðferðum til að nýta sér samskipti og kunnáttu „lærimeistarans“ (sbr. Guðrún og Eskildsen 2011). En málnotkun er forsenda máltileinkunar, eins og áður hefur verið fjallað um í kafla 2. Það bendir til þess að nauðsynlegt sé að finna leiðir til að auðvelda nemendum samskipti á íslensku úti í samfélaginu og auka þannig færni þeirra í málinu. Samþætting kennslu í kennslustofunni og tungumálanotkun nemendanna í samfélaginu getur verið þýðingarmikil viðbót í íslenskunámi. Fyrirmyndin Anna var notuð í þeim tilgangi að undirbúa erlenda nemendur fyrir þátttöku í Íslenskuþorpinu og búa til orðaforðadæmi og verkefni sem nemendur vinna með í Íslenskuþorpinu (sbr. Guðlaug S. Brynjólfssdóttir 2011).

Þannig var komið að hugmyndinni að mynda nemendum aðstæður þar sem þeir fá tækifæri til að sinna daglegum samskiptum á íslensku. Það var mikilvægt að ganga úr skugga um að aðeins íslenska yrði töluð í þessu umhverfi, þess vegna var ákveðið að gera sérstaka tungumálasamninga við tiltekin fyrirtæki. Forvinna Íslenskuþorpsins hófst árið 2010 þegar grunnur var lagður að fræðilegum hluta Íslenskuþorpsins eins og hefur verið fjallað um í kafla 2. Sama ár var unnið að mótun náms- og fræðsluefnis (sbr. Guðlaug S. Brynjólfssdóttir 2011) og Íslenskuþorpið var notað í kennslu við Háskóla Íslands í fyrsta sinn í júní árið 2012.

Í stuttu máli má segja að samspil margvíslegra kringumstæðna hafi ýtt undir að búa til verkefnið sem er vettvangur fyrir máltileinkun og er málefni þessarar ritgerðar. Næst verður fjallað um fyrirtæki Íslenskuþorpsins.

3.3 Fyrirtæki í Íslenskuþorpinu

Eins og áður hefur verið nefnt skipta tiltekin þáttökufyrirtæki í miðbænum miklu máli og mynda kjarna Íslenskuþorpsins. Þannig er um að ræða raunverulegt umhverfi, raunveruleg fyrirtæki, þar sem nemendur geta sinnt eigin erindum á íslensku. Lykilatriði í samstarfinu við þáttökufyrirtækin er, eins og nefnt var í kafla 3.1, það að starfsmenn fyrirtækjanna skuldbinda sig til að tala eingöngu íslensku við málnemana. Þannig þurfa nemendur ekki að semja um að íslenska verði töluð við þá og geta einbeitt sér að samskiptum á íslensku.

Undirbúningur starfsfólks fyrirtækjanna er nauðsynlegur svo samskipti milli afgreiðslufólks og nema gangi að óskum. Eitt af því sem skiptir nýja málnotendur máli er að þeir fái góðan tíma til samskipta við starfsfólkið og að fá þá þjónustu sem þeir sækjast eftir í viðkomandi fyrirtæki. Þáttökufyrirtækin hafa jafnframt hag af því að bæta eigin ímynd með því að taka vel á móti viðskiptavinum með íslensku sem annað mál.

Þáttökufyrirtækin sem hafa verið með í Íslenskuþorpinu tengjast hversdagslegu lífi margs fólks á Íslandi og þess vegna gagnast það nemendum að nota nýja málið og þjálfa viðeigandi orðaforða í samskiptum innan þeirra. Kaffihús, bókasafn, bakarí og sundlaug eru fyrirtækin sem hafa verið hluti af Íslenskuþorpinu og íslenskunámskeiðum Háskóla Íslands frá upphafi. En það hefur verið nokkuð breytilegt á milli námskeiða hvaða fyrirtæki hafa verið hluti af Íslenskuþorpinu hverju sinni. Á sumum þeirra hafa nemendur einnig farið í bókabúð, veitingastað eða minjasafn, svo dæmi séu nefnd.

Þannig fá nemendur mikilvæga tjáskiptareynslu í fyrirtækjunum með því að tala við starfsfólk. Verkefni þeirra er venjulega að nota þá þjónustu sem fyrirtækið veitir. Í heimsóknunum læra nemendur að panta ýmsar vörur og þjónustu, biðja um nánari upplýsingar, skilja starfsfólk og öðlast skilning almennt á því hvernig samskipti fara fram í tilteknu umhverfi. En heimsókn málnemanna í Íslenskuþorpið snýst ekki einungis um að fara í fyrirtæki og panta vörur eða þjónustu því sérstakt kennslufræðilegt ferli liggur á bak við heimsóknir í þáttökufyrirtækin eins og nánar verður rætt um í kafla 3.5. En í næsta kafla er komið að því að beina athyglinni að hönnun og umgjörð Íslenskuþorpsins.

3.4 Hönnun og útlit Íslenskuþorpsins

Í þessum kafla verður fjallað um grafíska umgjörð og útlit Íslenskuþorpsins, þ.e. hvernig það lítur út og hvað liggur á bak við hönnun þess. Umgjörð er óaðskiljanlegur þáttur við sköpun Íslenskuþorpsins því hér koma saman hönnun og tungumálakennsla. Með sköpun ákveðins grafísku útlits fyrir Íslenskuþorpið er ætlunin að afmarka hugmyndina að baki Íslenskuþorpinu og þau samskipti sem fara þar fram á milli starfsfólks og íslenskunemanna. Þannig á hönnun og útlit að draga fram umhverfi og tilgang Íslenskuþorpsins og vera ljós öllum þátttakendum Íslenskuþorpsins, þ.e. nemendum og starfsfólki þáttökufyrirtækjanna. Þess vegna styður grafísk hönnun einnig við íslenskunámið og notkun málsins í samskiptunum. Einkennismerki, eða lógó, er einn þáttur í grafískri heild Íslenskuþorpsins en það var hannað af samstarfshópi í Listaháskóla Íslands (sjá viðauka 2). Einkennismerki gegnir mikilvægu hlutverki við að hjálpa fólki að þekkja Íslenskuþorpið og setja það í samhengi við nám íslensku sem annars máls. Þáttökufyrirtækin eru auðkennd með einkennismerki Íslenskuþorpsins, í gluggum og við inngang og afgreiðsluborð þannig að nemendur eiga auðvelt með að taka eftir því og vita að þeir eru á réttum stað. Sumir nemendur hafa kosið að vera með barmmerki með einkennismerkinu til að láta afgreiðslufólk vita að þeir eru íslenskunemar. Í einkennismerki Íslenskuþorpsins er fólgin hugmynd að heiminum og hann sýndur sem púsl í púsluspil tungumálanna. Litirnir í einkennismerkinu, blár, hvítur og rauður, gegna ákveðnu hlutverki líka sem íslensku fánalitirnir. Einkennismerki Íslenskuþorpsins var hannað með það í huga að það yrði auðvelt að aðlaga það öðrum löndum, t.d. ef sambærileg þorp verða sett upp annars staðar á Norðurlöndum eins og var minnst á í kafla 3.1.


Allt efni tengt Íslenskuþorpinu, hvort sem um er að ræða námsefni eða kynningarefni, heimasíðu eða bæklinga, hefur verið hannað í samræmi við útlitsstaðal Íslenskuþorpsins. Umgjörð þorpsins í heild er því skýr og afmarkar þannig námsumhverfi íslenskunemanna.

Í næsta kafla verður fjallað um kennslufræðilegan grunn Íslenskuþorpsins og námsefni þorpsins.

3.5 Kennslufræðilegur grunnur

Eins og áður var nefnt í undirkafla 3.1 byggir Íslenskuþorpið á þeirri staðreynd að tungumál lærist í samskiptum og að úti í samfélaginu séu möguleikar til þess að nota og læra íslensku í venjulegum athöfnum eins og t.d. í því að eiga viðskipti í verslunum og stofnunum. Þátttaka í venjulegum daglegum samskiptum er því grundvallaratriðið í íslenskunáminu en tengsl kennslustofunnar við raunverulegt umhverfi er einmitt það sem Íslenskuþorpið grundvallast

á. En þessi tengsl krefjast samfelldrar nemendavinnu og vinnu í kennslustofu. Námsefni Íslenskuþorpsins er byggt á þeim kennslufræðilega grunni sem hér er til umræðu og verður umfjöllun um kennslufræði og námsefni Íslenskuþorpsins því fléttuð saman hér. Á mynd 1 er myndræn framsetning á kennslufræðilegu ferli og aðferðafræði Íslenskuþorpsins.



Mynd 1. Myndræn framsetning á kennslufræðilegu ferli og aðferðafræði Íslenskuþorpsins (Íslenskuþorpið 2012).

Á myndinni hér að ofan má sjá þrenns konar vettvang Íslenskuþorpsins, þ.e. kennslustofu, Íslenskuþorpið og heimavinnu. Raunveruleikinn¹ er hér hluti af myndinni en með honum er vísað í endanlegt takmark með þjálfun málnemanna í Íslenskuþorpinu.

Kennslustofa er staðurinn þar sem nemendur koma saman með kennara og vinna með ílag og undirbúa sig áður en farið er í þorpið. Íslenskuþorpið á myndinni felur í sér fyrirtæki í Íslenskuþorpinu, þ.e. verndað umhverfi þar sem nemendur fara í heimsókn til að eiga raunveruleg samskipti á íslensku. Heimavinna táknar þann stað þar sem nemandi gerir heimavinnuna sína, undirbýr sig eða vinnur úr ákveðnu efni tengdu Íslenskuþorpinu.

Hér á eftir verður greint nánar frá kennslufræðilegu ferli Íslenskuþorpsins í reynd og vinnu nemenda í tengslum við námsefni þorpsins sem verður lýst í eftirfarandi sex skrefum:

¹ Raunveruleikinn þýðir íslenskumælandi heim sem er til fyrir utan kennslustofuna, umhverfi þar sem venjulegt líf samfélagsins fer fram. Þess má geta að þrátt fyrir að raunveruleikinn standi utan við Íslenskuþorpið og umræðuna um það var haustið 2012 í námskeiðinu Framburður og tal I gerð tilraun til að taka skrefið út í hið daglega líf samfélagsins, þ.e. með að senda nemendur í fyrirtæki að eigin vali eftir 5 vikna undirbúning í Íslenskuþorpinu. Um það var spurt í kjölfar námskeiðsins hvort undirbúningurinn í Íslenskuþorpinu hafi verið gagnlegur áður en farið var í fyrirtæki að eigin vali (sem í könnuninni var kallað „þitt fyrirtæki“) utan Íslenskuþorpsins. En þær niðurstöður eru ekki umfjöllunarefni í þessari ritgerð.

1. skref – Kennslustofa

Heimsóknin í Íslenskuþorpið er undirbúin í kennslustofu. Þar er fjallað um helstu orðaforða og samskiptafrasa áður en farið er í heimsókn í viðkomandi þáttökufyrirtæki. Orðaforðinn er kenndur út frá frösum sem tíðkast í hverjum viðskiptum fyrir sig. Þannig læra nemendur gagnleg orð og orðaforða í samhengi við notkun og merkingu þeirra. Á þessu undirbúningsstigi í kennslustofunni er farið í nauðsynleg málfræðiatríði og framburðarreglur sem tengjast orðaforða vettvangs hverju sinni. Nemendur læra einnig orðaforðann og samskiptafrasa sem búast má við að sé notaður af starfsfólki í viðskiptunum. Námsefni Íslenskuþorpsins, sem áður var minnst á, er notað til að vinna með allt sem er tengt þorpinu á þessu fyrsta stigi.

2. skref – Íslenskuþorpið

Eftir vinnu í kennslustofu í skrefi 1 er farið í undirbúningsleiðangur í Íslenskuþorpið þar sem nemendur eiga að kynna sér staðinn, fylgjast með öðrum viðskiptavinum og samskiptum þeirra við starfsfólkið, sækja sér orðaforða m.a. með því að skoða matseðla, veggspjöld, hlusta á hvað og hvernig aðrir viðskiptavinir segja. Þar að auki kynnast nemendur umhverfi þáttökufyrirtækisins og velta fyrir sér hvað einkennir samskipti fólks á þessum stað.

3. skref – Kennslustofa.

Í kennslustofunni nýta nemendur undirbúninginn úr skrefi 1 og 2 til að fylla út svokallað vinnuspjald sem er hluti af námsefninu. Á vinnuspjaldið er skráður mikilvægur orðaforði og frasar, dæmigerð samtöl eru skrifuð. Nemendur taka vinnuspjaldið með sér í heimsóknir í Íslenskuþorpið eins og sjá má um skref 4 hér á eftir. Að hafa slík dæmi um samtöl og nauðsynlegan orðaforða á vinnuspjaldinu mun væntanlega styðja nemendur í samskiptum við afgreiðslufólkið.

4. skref – Íslenskuþorpið

Í fjórða skrefi fara nemendur aftur í heimsókn í Íslenskuþorpið en það byggir á undirbúningi í kennslustofunni, undirbúningsleiðangri í þorpið og gerð vinnuspjaldsins. Nemendur eiga samskipti við starfsfólkið í þáttökufyrirtækjunum um leið og þeir sinna erindum sínum, t.d. kaupa brauð í bakaríi, panta sér kaffi eða köku á kaffihúsi, kaupa aðgangsmiða í sundlaug eða fá bækur lánaðar á bókasafninu. Á sumum námskeiðum var gert samkomulag milli nemenda og starfsfólks um að taka samtöl upp með hljóðupptökutæki og í þeim tilvikum fóru upptökur fram á þessu stigi þegar málmenarnir áttu samskipti í Íslenskuþorpinu.

5. skref – Heimavinna

Eftir heimsóknina í Íslenskuþorpið velta nemendur fyrir sér hvernig samskiptin fóru fram. Nemendur eiga að skrá niður í námsefnisbók Íslenskuþorpsins lýsingu á samskiptunum, hvað þeir keyptu, hvað þeir fengu lánað, hvað það kostaði, hvaða ný orð eða frasa þeir lærðu og annað úr samskiptum sínum í Íslenskuþorpinu. Einnig eiga nemendur að skrifa niður hvernig gekk í Íslenskuþorpinu, hvað var jákvætt eða neikvætt og svo framvegis. Ef samtalið var tekið upp er mælt með því að hlusta á upptökuna og skrá allt niður og velta fyrir sér samskiptunum/samtalinu/tjáningunni. Dagbók er líka hluti af heimavinnu nemenda. Þeir eiga að skrifa dagbókina reglulega og æfa hæfileikann til að tjá sig skriflega um hversdagsleg málefni. Enn einn þáttur í námsefni Íslenskuþorpsins snýst um það að nemendur íhugi og leggi mat á íslenskukunnáttu sína og þróun hennar á viðkomandi námskeiði. Í námsefninu kallast þetta „Íslenskan mín“ og verkefni nemenda er að velta fyrir sér hvað þeir hafa lært og lýsa því með eigin orðum. Sömuleiðis eiga þeir að setja sér markmið um það sem þá langar til að ná tókum á í málnotkun.

6. skref – Kennslustofa

Í kennslustofunni fá nemendur verkefni frá kennara sem er tengt heimsókninni í Íslenskuþorpið hverju sinni, það er úrvinnsla eftir undanfarandi samskipti. Nemendur vinna líka í hópum í þessu 6. skrefi í kennslustofunni þar sem þeir deila samskiptareynslu sinni hvernig gekk í Íslenskuþorpinu, hvað þeir lærðu og hvað var jákvætt eða neikvætt. Að deila eigin reynslu með öðrum í nemendahópnum er mikilvægt því hér liggur tækifæri til að læra af hinum eða uppgötva nýjar leiðir um hvernig er hægt að bæta eigin samskipti á íslensku. Ef samtölin voru tekin upp hlusta nemendur á upptökurnar og gera grein fyrir þeim. Nemendur æfa samtölin aftur úr Íslenskuþorpinu í samræmi við undangengna reynslu í þorpinu, m.a. með hlutverkaleikjum.

Eftir þessi sex skref sem hér hefur lýst byrjar hringrásin á ný og nemendur vinna með næsta fyrirtæki í þorpinu.

Þegar á heildina er litið má segja að útfærsla Íslenskuþorpsins sé samfellt samspil af vinnu í kennslustofu og heimsóknum í þátttökufyrirtækin þar sem munnleg samskipti eru þungamiðjan. Ákveðin kennslufræði liggur á bak við Íslenskuþorpið eins og að framan var lýst en virk þátttaka nemenda er nauðsynlegur og ómissandi hluti Íslenskuþorpsins. Eins og áður var nefnt í kafla 2.3 þarf nemandi að vera virkur þátttakandi en ekki óvirkur viðtakandi til þess að nýta aðstoð og kunnáttu „lærimeistarans“. Kennslufræðilegur ferill í

Íslenskuþorpinu mun styðja samskipti nemenda í samfélaginu og ennfremur hvetja þá til sjálfstæðrar málnotkunar.

3.6 Samantekt

Í þessum kafla var fjallað um hvað Íslenskuþorpið í raun og veru er. Íslenskuþorpið er sérstakt námsumhverfi innan raunverulegra fyrirtækja úti í samfélaginu fyrir nemendur að þjálfa íslenskuna sína. Það er þverfaglegt samstarfsverkefni ýmissa fræðimanna á sviði annarsmálsfræða og felur í sér ekki aðeins möguleika á að útfæra sambærileg þorp úti á landi eða annars staðar á Norðurlöndum heldur einnig marga og spennandi rannsóknamöguleika á tileinkun annars máls. Í kaflanum var gerð grein fyrir fræðilegum forsendum og hugmyndafræði Íslenskuþorpsins og hvernig raunverulegt Íslenskuþorp var mótað. Hönnun og umgjörð Íslenskuþorpsins var skoðuð. Síðast en ekki síst var litið á kennslufræðilegan grunn sem liggur á bak við hugmynd Íslenskuþorpsins og styður samskipti nemenda í samfélaginu og hvetur þá til sjálfstæðrar málnotkunar.

Í stuttu máli er óhætt að segja að Íslenskuþorpið sé nýsköpunarverkefni sem á sér ekki fyrirmynd annarsstaðar. Íslenskuþorpið skapar aðstæður úti í samfélaginu fyrir erlenda íslenskunema og innflytjendur til að nota íslensku við daglegar aðstæður og bæta eigin færni í tungumálinu.

Í næstkomandi kafla verður athyglinni einkum beint að könnunum sem hafa verið lagðar fyrir nemendur til þess að meta viðhorf þeirra til Íslenskuþorpsins og gildi þess.

4. Íslenskuþorpið – viðhorfskannanir

4.0 Inngangsorð

Sumarið og haustið 2012 var tilraunátímabil Íslenskuþorpsins og spreyttu íslenskunemar sig þar á ferns konar námskeiðum á tímabilinu. Fyrst ber að nefna tvo hópa norrænna íslenskunema á fjögurra vikna Nordkursnámskeiðum sumarið 2012. Í öðru lagi var um að ræða nemendur frá Minnesota-háskóla sem fengu íslenskukennslu í Minneapolis í þrjár vikur og við Háskóla Íslands í þrjár vikur, þar sem Íslenskuþorpið skipaði stórt hlutverk. Loks var Íslenskuþorpið hluti af alþjóðlegu fjögurra vikna sumarnámskeiði í íslensku máli og bókmenntum, sögu og samfélagi við háskólann. Auk þeirra námskeiða sem hér hafa verið nefnd var Íslenskuþorpið einnig mikilvægur liður í námskeiðinu Framburður og tal I í Hagnýtri íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands en þar var um að ræða 12 vikna námskeið á haustmíssi. Að loknum ofangreindum námskeiðum voru lagðar fyrir viðhorfskannanir til að leita eftir viðhorfum málnemanna. Viðhorf þeirra eru augljóslega mikilvæg til að skoða gildi Íslenskuþorpsins í íslenskunáminu.

Bent skal á að Íslenskuþorpið og námsefni þess var endurbætt í samræmi við endurgjöf sumarnema þegar það var notað í kennslunni í Hagnýtri íslensku sem öðru máli við háskólann haustið 2012. Niðurstöður allra kannananna verða til umfjöllunar í þessari ritgerð en um þær er rætt í kafla 5.

Í þessum kafla verður viðhorfskönnunum lýst þar sem kemur fram í kafla 4.1 hvað var kannað og í kafla 4.2 og undirköflum hans verður sagt frá þátttakendum í könnuninni og mismunandi íslenskunámskeiðum sem þeir tóku. Loks verður í kafla 4.3 sagt frá því hvernig gagna sem hér eru til umfjöllunar var aflað og takmörk fyrir gagnagreiningu verða sett. Í kafla 4.4 verða aðalatriðin síðan dregin saman.

4.1 Hvað var kannað?

Spurningar í könnuninum voru tvenns konar, þ.e. krossaspurningar og opnar spurningar. Í opnum spurningum eru nemendur beðnir um að láta skoðun sína í ljósi með því að svara um sérstök atriði með eigin orðum en í krossaspurningum eru þeim gefnir svarmöguleikar. Í könnuninni er um fimm spurningaflokka að ræða sem mynda kjarna hennar. Í meginráttum snúast spurningarnar um eftirfarandi þætti:

- (2) a. Uppbyggingu færnipátta í íslensku með stuðningi Íslenskuþorpsins;

- b. Helstu kosti Íslenskuþorpsins við tileinkun málsins;
- c. Námsefni Íslenskuþorpsins;
- d. Fyrirtæki Íslenskuþorpsins;
- e. Ýmis atriði.

Í inngangskafli ritgerðarinnar var gerð grein fyrir rannsóknarspurningu ritgerðarinnar og undirspurningum hennar, sbr. (1) a-b, en þær eru jafnframt lagðar til grundvallar í spurningum könnunarinnar sem eru nefndar í lið (2) a-b hér að ofan. Þar er annars vegar leitað eftir svörum málnemanna á því hvort Íslenskuþorpið hafi verið gagnlegt við að byggja upp færniþætti í íslensku, þ.e. a) orðaforða, b) hlustunarskilning, c) framburð og d) tal auk fleiri þátta. Nánar verður rætt um þessi atriði í kafla 5 hér á eftir. Hins vegar eru þátttakendur í könnuninni beðnir um að lýsa því hverja þeir telja helstu kosti Íslenskuþorpsins við tileinkun málsins.

Spurningar könnunarinnar sem nefndar eru í (2) c að framan fjalla um námsefnið og uppbyggingu þess. Um námsefni Íslenskuþorpsins var rætt í kafla 3.5 en í könnuninni voru nemendur beðnir um að leggja mat á kennsluefnið, þ.e. tiltekna hluta þess (s.s. undirbúning, vinnuspjald, úrvinnslu í kennslustund og fleira). Á meðal nefndra atriða var spurt um hönnun og uppbyggingu kennslubókarinnar. Svör við þessum spurningum eru mikilvæg með frekari endurbætur kennsluefnisins í huga á tilraunatímabilinu en verða ekki rædd frekar í ritgerðinni.

Fyrirtækin í Íslenskuþorpinu sem vikið er að í lið (2) d hér á undan gegna mikilvægu hlutverki í útfærslu Íslenskuþorpsins, eins og greint var frá í kafla 3.3 því þar fara raunveruleg samskipti nemenda og afgreiðslufólks fram. Í könnuninni lögðu nemendur mat á eigin reynslu í hverju fyrirtæki og létu í ljós mikilvægar upplýsingar um hvort öll fyrirtæki væru gagnleg til samskipta og máltileinkunar. Þetta skiptir einnig máli fyrir frekari þróun Íslenskuþorpsins en í ritgerðinni verður ekki rætt nánar um það.

Í spurningunum um ýmis atriði (2) e segja nemendur m.a. frá álitinu sínu um leiðbeiningar í kennslunni, notkun upptaka, samskiptasíðunnar Facebook, eigin fjárútlát í þorpinu, verkefni í tímum o.s.frv. En um svör þessara spurninga verður ekki fjallað nánar.

Auk þeirra atriða sem spurt var um í könnuninni og greint er frá í (2) a-e hér að ofan beindust nokkrar spurningar að því að fá upplýsingar hjá nemendum um ýmis atriði, s.s. fyrri íslenskukunnáttu, kennara, hópa og fleira. Þessi svör veita mikilvæga innsýn og skilning um nemendur og meðal annars gagnast í gagnagreiningu. Einnig má nefna að í viðhorfskönnuninni er ekki spurt um aldur, kyn eða þjóðerni því bornir eru saman fimm

sérstakir nemendahópar þar sem fyrrnefnd atriði skipta ekki máli. Hins vegar koma þessi atriði til greina að nokkru leyti þar sem nemendahópunum er lýst í kafla 4.2.

Sýnishorn spurninganna sem voru lagðar fyrir nemendurna má sjá í viðauka 3. Vert er að minna á að spurt var um margvísleg atriði, sbr. (2) a-e, en í þessari ritgerð er athygli beint eingöngu að (2) a-b, því tengjast aðeins þau rannsóknarspurningunni. En næst verður fjallað um þátttakendur í könnuninni, þ.e. hópum íslenskunema verður lýst með því að segja frá aðaleinkennum hvers hóps.

4.2 Þátttakendur í könnuninni

Eins og áður kom fram voru kannanir lagðar fram í lok hvers námskeiðs í þeim tilgangi að fá fram afstöðu málnemanna til Íslenskuþorpsins. Tafla 1 að neðan sýnir yfirlit yfir hópana sem tóku þátt í könnuninum en vikið var að þeim í upphafsorðum í 4. kafla. Fyrst má sjá nemendur og fjölda á Nordkurs-námskeiðunum, byrjendur og lengra komna, síðan nemendafjölda á Minneapolis-námskeiðinu, svo fjölda á Alþjóðlega námskeiðinu og loks nemendur í Framburði og tali I úr Hagnýtri íslensku sem öðru máli. Í töflu 1 hér að neðan má sjá heildarfjölda nemenda í námskeiðum, fjölda svarenda og hlutfall þeirra sem svöruðu könnunum.

	Nordkurs hópur Byrjendur	Nordkurs hópur Lengra konnir	Minneapolis hópur	Alþjóðlegur hópur	Framburður og tal I
Heildarfjöldi nemenda	20	13	15	16	97
Fjöldi svarenda	19	13	15	16	43
Svarhlutfall	95%	100%	100%	100%	44%

Tafla 1. Heildarfjöldi nemenda, fjöldi svarenda í hópunum og hlutfall þeirra sem svöruðu.

Eins og rætt verður í næstu undirköflum eru hóparnir mismunandi að einhverju leyti, þ.e. nemendur koma frá mismunandi löndum með ólík móturmál að baki og frá ólíkum menningarheimum, eru á ýmsum aldri, íslenskunámskeið þeirra voru mislöng o.s.frv. Í næstu undirköflum verður skoðað nánar hvernig nemendur voru í hverjum hópi og hvað er einkennandi fyrir hvern hóp.

4.2.1 Nordkurs-hópar

Á Nordkurs-sumarnámskeiðunum voru norrænir nemendur sem komu í íslenskunám á vegum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Nordkurs-námskeiðin er ætluð

háskólanemendum í norrænum fræðum sem stunda nám á Norðurlöndum og norrænn bakgrunnur var eitt af aðaleinkennum Nordkurs-hópanna tveggja. Nemendurnir voru af báðum kynjum á aldrinum 18 til 50 ára, þeir voru frá Danmörku, Finnlandi, Færeyjum, Noregi og Svíþjóð, allir kunnu þeir að minnsta kosti eitt norrænt tungumál. Kennarar Nordkurs-nemenda voru Guðlaug Stella Brynjólfsdóttir og Solveig Brynja Grétarsdóttir.

Sameiginleg þekking á norrænum menningararfi og kunnátta norræns tungumáls eru þættir sem búast má við að hafi áhrif á hvernig nemendurnir nálguðust íslenskt tungumál. Sem dæmi má nefna að norrænir nemendur eiga gjarnan auðveldara með að byggja upp orðaforða í íslensku en þeir sem koma frá fjarlægari málsvæðum. Þar á ofan má nefna að hluti nemendanna hafði einhverja íslenskukunnáttu fyrir þegar þeir komu á námskeiðið þar sem þeir höfðu lokið vefnámskeiði í íslensku fyrir byrjendur, Icelandic Online (sbr. IcelandicOnline [án árs]). Á grundvelli þess og að norrænu nemendurnir þreyttu stöðupróf áður en námskeið hófst var ákveðið að skipta hópnum í tvennt og aðskilja byrjendur og lengra komna. Þannig voru tveir hópar íslenskunema myndaðir, þ.e. 19 nemendur í Nordkurs-byrjendahópi og 13 í hópi sem hafði grunnkunnáttu í íslensku. Báðir hópar tóku fjögurra vikna námskeið í íslensku sem var metið til 10 ECTS eininga. Eftir fjögurra vikna námskeið var lagt fyrir lokapróf.

4.2.2 Minneapolis-hópur

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er í samstarfi við *Háskólann í Minnesota* (e. University of Minnesota) sem er í Minneapolis og saman standa þau fyrir sumarnámskeiði í íslensku fyrir nemendur í Bandaríkjunum. Námskeiðið fyrir þessa nemendur hefur verið haldið árlega síðan 2001 og stendur yfir í einn og hálfan mánuð. Íslenskunemarnir stunda námið fyrst í þrjár vikur við Háskólann í Minnesota og þá koma þeir til Íslands og kennslan fer fram við Háskóla Íslands. Guðrún Theodórsdóttir kenndi Minneapolis-hópnum í maí í Bandaríkjunum og hélt áfram í júní við Háskóla Íslands. Fimmtán nemendur úr mörgum háskólum í Bandaríkjunum voru á námskeiðinu en flestir komu frá Minnesotaháskóla.

Í þessum hópi voru nemendurnir á aldrinum 20-30 ára af báðum kynjum. Þessir nemendur voru mjög áhugasamir að koma til Íslands, kynnast nýju landi og menningu þess og auðvitað að auka íslenskukunnáttu sína sem þeir höfðu lært aðeins í þrjár vikur fyrir komuna til Íslands. Fyrirnefnd atriði mynda sérstaka stemningu og viðhorf til tungumálsins í hópnum. Nemendurnir byrjuðu strax og þeir komu til Íslands í Íslenskuþorpínu og tóku upp eigin samtöl á íslensku.

4.2.3 Alþjóðlegur hópur

Fjögurra vikna alþjóðlegt námskeið sem er ætlað erlendum háskólastúdentum frá ýmsum löndum hefur verið haldið í júlí á hverju ári síðan 1989. Allir nemendur í alþjóðlega hópnum hafa lagt einhverja stund á íslensku heima fyrir, annaðhvort hjá kennurum eða sjálfstætt. Um 35 nemendur voru í hópnum sem var skipt í byrjendur og lengra komna en aðeins byrjendurnir, sem voru 16 talsins, studdust við Íslenskuþorpið í kennslunni. Námskeiðið gaf nemendum 10 ECTS einingar og lauk með lokaprófi. Solveig Brynja Grétarsdóttir var kennarinn í námskeiðinu.

Alþjóðlegi hópurinn var margbreytilegur því nemendur voru frá mismunandi löndum eða jafnvel frá mismunandi heimsálfum. Nefna má fólk frá Ástralíu, Bandaríkjunum, Brasilíu, Bretlandi, Frakklandi, Kanada, Noregi, Spáni og Þýskalandi. Sumir þeirra eru tungumálanemendur í heimalöndunum, aðrir hafa áhuga á íslenskri menningu og vildu prófa að læra tungumálið. Í hópnum voru bæði karlmenn og konur á aldursbilinu 20 til 50 ára. Íslenskuþorpið gegndi lykilhlutverki á námskeiðinu og allir nemendur voru undirbúnir í kennslustofunni áður en þeir áttu samskipti á íslensku við Íslendinga í Íslenskuþorpinu. Eins og hinir tveir hóparnir tóku alþjóðlegir nemendur upp eigin samtöl sem þeir notuðu síðan í kennslunni.

4.2.4 Framburður og tal I

Framburður og tal I er 10 ECTS eininga námskeið á námsbrautinni Hagnýt íslenska sem annað mál við Háskóla Íslands og er kennt á haustmisseri á hverju ári frá september til desember. Í námskeiðinu er stefnt að því að auka möguleika fólks með íslensku sem annað mál til virkrar þátttöku í atvinnulífi og auðvelda þeim að komast inn í samfélagið. Á haustmisseri 2012 voru 97 nemendur í námskeiðinu, um 36% þeirra voru skiptinemar, og því nýkomnir til Íslands þegar námskeiðið hófst, og 64% hafa búið á Íslandi til lengri eða skemmri tíma. Þetta gerir hópinn mjög áhugaverðan því aðeins hluti nemendanna hefur þekkingu á íslensku samfélagi og tungu í upphafi námskeiðsins. Hér má benda á að aðeins 40% segjast hafa fyrri íslenskukunnáttu og 60% skilgreina sig sem algjöra byrjendur. Vegna þess má gera ráð fyrir að hluti þeirra sem búa á Íslandi gæti verið einangraður í íslensku málsamfélagi og eiga í erfiðleikum með að nýta máltileikunartækifæri sem eru til í samfélaginu. Íslenskuþorpið gæti gegnt hlutverki til að auðvelda það með því að hjálpa að taka skref út í samfélagið.

Nemendahópurinn í námskeiðinu var breytileikur bæði hvað varðar fyrri íslenskukunnáttu, þjóðerni og aldur. Fólk kom frá mismunandi löndum í Evrópu, Norður

Ameríku, Asíu, Afríku og Ástralíu og var á aldrinum 18 til yfir 50 ára. Nemendum var skipt í þrjá hópa og hver hópur átti sér kennara sem voru Kolbrún Friðriksdóttir, Solveig Brynja Grétarsdóttir og Iris Nowenstein. Íslenskuþorpið var notað í 9 vikur af 12 í námskeiðinu.

Þegar öllu er á botninn hvolft má sjá að nemendahóparnir sem nú hefur verið fjallað um eru fjölbreytilegir. Það sem sameinar nemendur í þessum hópum er annars vegar að allir eru fullorðnir sem hafa lokið framhaldskóla eða háskólanámi eða eru ennþá að stunda háskólanám og allir hafa áhuga á að læra íslensku en hins vegar hafa litla eða enga kunnáttu í íslensku í upphafi námsins. Þrátt fyrir að nemendahóparnir séu ekki alveg fullkomlega sambærilegir koma fjölbreytni og mismunur í hópunum ekki í veg fyrir að gera samanburð milli hópanna og að skoða hvernig nemendum fannst Íslenskuþorpið í raun og veru.

4.3 Gagnasöfnun

Gagnasöfnun fór fram með því að nemendurnir svöruðu könnunum í lok námskeiða, eins og áður var sagt. Búin var til rafræn könnun á vefsíðunni www.kannanir.is. Rafræn könnun var valin vegna nokkurra kosta, t.d. svör fást rafrænt jafnóðum og nemendur svara, forrit reiknar út og setur tölfræðilegar upplýsingar fram eins og um er beðið og býður mismunandi greiningarmöguleika. Það er þess er virði að nefna að slík könnun er þægileg að framkvæma og safnaðar upplýsingar verða geymdar á netinu. Við gerð kannananna var ákveðið að hafa þær á ensku því allir þátttakendur höfðu ágæta enskukunnáttu. Sumarnemendum frá Skandinavíu var líka gefinn kostur á að svara spurningunum á dönsku, sænsku eða norsku. Flestir nemendanna kusu að lýsa viðhorfum sínum á ensku.

Slóðin á könnuninni var send til nemenda þegar námskeiðinu var lokið. Til að ganga úr skugga um að sem flestir svöruðu var nemendum boðið að fara ásamt kennurunum í tölvuver háskólans á kennslutíma og svara könnuninni þar. Mikilvægt er að nefna að spurningar í könnununum hafi verið lagaðar að hverjum hópi og námskeiði og því sé smávægilegur munur á þeim spurningum sem voru lagðar fyrir hvern hóp, t.d. nemendur á sumarnámskeiðum notuðu Facebook, heimsóttu fleiri fyrirtæki en nemendur haustið 2012, einnig tóku sumarnemendur eigin samtöl upp en haustnemendur gerðu það ekki, þar að auki má nefna að aðeins haustið 2012 var farið í fyrirtæki að eigin vali. Mismunandi atriði á námskeiðum var ástæða þess að laga spurningarnar að hópum. Lista spurninganna sem voru lagðar fyrir nemendur má sjá í viðauka 3, eins og var bent á áður.

Viðhorfskannanirnar veittu mikilvægar upplýsingar um Íslenskuþorpið og gildi þess. Greiningu niðurstaðna er ætlað að gefa innsýn í það hvort Íslenskuþorpið hafi gagnast í tungumálanáminu og hafi hjálpað við að styrkja ákveðin atriði í kennslu og námi íslensku

sem annars máls. Þrátt fyrir að niðurstöður kannananna veiti margvíslegar gagnlegar upplýsingar er athyglinni í þessari ritgerð beint að tveimur atriðum, eins og kom fram í (1) a-b:

- a. Er Íslenskuþorpið gagnlegt við að byggja upp helstu færnipætti í málinu?
- b. Hverjir eru helstu kostir Íslenskuþorpsins við máltileinkunina?

Önnur atriði sem kannað var, t.d. þáttökufyrirtæki- og námsefni Íslenskuþorpsins og auka atriði, er talið vera fyrir utan markmið þessarar ritgerðar og verður ekki sérstaklega rætt um þau.

4.4 Samantekt

Í þessum kafla var litið á inntak viðhorfskannana meðal nemenda sem notuðu Íslenskuþorpið í námskeiðunum. Könnunum, sem lagðar voru fyrir nemendur, var lýst í kafla 4.1 og í kafla 4.2 var sagt frá fjórum nemendahópum sem voru svarendur kannana. Í kafla 4.3 var gerð grein fyrir gagnasöfnun. Í næstkomandi kafla er litið á niðurstöður viðhorfskananna.

5. Gildi Íslenskuþorpsins – niðurstöður viðhorfskannana

5.0 Inngangsorð

Í þessum kafla verður greint frá niðurstöðum viðhorfskannana sem voru lagðar fyrir hópa íslenskunema en Íslenskuþorpið skipaði stóran sess í námi þeirra. Eins og greint var frá í inngangskafli ritgerðarinnar í lið (1) a-b verður sjónum einkum beint að því að skoða viðhorf málmenanna til annars vegar gildis Íslenskuþorpsins við að byggja upp færniþætti málsins og hins vegar að leita eftir skoðunum þeirra á því hverja þeir telja helstu kosti Íslenskuþorpsins.

Í umfjöllun hér um niðurstöður úr viðhorfskönnuninum verður athyglinni því aðallega beint að þessum tveimur þáttum hennar. Í kafla 5.1 og undirköflum hans er litið á mat nemenda á því hvort þeir telji Íslenskuþorpið gagnlegt við að byggja upp mismunandi færniþætti í íslensku. Rætt verður um niðurstöður úr könnunum allra hópanna en um þá hefur verið fjallað hér á undan, í kafla 4.2. Í kafla 5.2 verður gerð grein fyrir lýsingum nemenda á kostum Íslenskuþorpsins og dregin saman meginatriði skoðana þeirra. Í lok kaflans verða niðurstöður úr könnuninum síðan dregnar saman.

5.1 Íslenskuþorpið og uppbygging færniþátta

Ein af spurningunum í könnuninni var sú hvort Íslenskuþorpið hafi verið gagnlegt til að byggja upp og þjálfa færniþætti málsins, þ.e. orðaforða, hlustunarskilning, framburð, tal, skilning almennt og sjálfstraust. Nemendurnir voru beðnir um að leggja mat á það annars vegar hvort þeir teldu Íslenskuþorpið **gagnlegt** eða **ekki gagnlegt**². Í umræðunni hér fyrir neðan verður litið á mat nemenda út frá fyrrgreindri tvískiptingu, þ.e. hvort Íslenskuþorpið teljist gagnlegt eða ekki gagnlegt við máltileinkunina.

Í næstu sex undirköflum verður fjallað um niðurstöður úr könnuninum þar sem leitað er eftir afstöðu þátttakenda til þess hvort þeir telji Íslenskuþorpið gagnlegt eður ei við að byggja upp orðaforða í málinu, hlustunarskilning, þjálfa framburð og tal og byggja upp skilning almennt í málinu og sjálfstraust til að nota málið. Til einföldunar verða heiti mismunandi nemendahópa skammstöfuð á eftirfarandi myndum í samræmi við heiti námskeiða. Þannig verður byrjendahópur Nordkurs kallaður *NKI*, lengra komnir Nordkurs-


² Mismunandi kvarði hefur verið notaður á milli námskeiða og var hægt að merkja annaðhvort við tvö (*mjög gagnlegt, frekar gagnlegt*) eða þrjú (*ákaflega gagnlegt, mjög gagnlegt, frekar gagnlegt*) stig á jákvæða kvarðanum. Á neikvæða kvarðanum var hægt að merkja aðeins við tvö (*ekki gagnlegt, alls ekki gagnlegt*) stig. Í ritgerðinni eru öll svör dregin saman og samsvara allir *jákvæðir* svarmöguleikar **gagnlegt** og allir *neikvæðir* samsvara **ekki gagnlegt**.

nemendur kallaðir *NK2*, Minneapolis-hópur *MN*, Alþjóðlegur hópur *AH* og nemendur í námskeiðinu Framburður og tal I verða nefndir *FT*.

5.1.1 Orðaforði

Eins og hefur komið fram í kafla 3.5 var það verkefni nemenda að fara í Íslenskuþorpið og safna orðaforða sem tengdist heimsóknum í Íslenskuþorpið hverju sinni. Það var gert ráð fyrir því að í þessu skrefi væru nemendur að rannsaka og kynnast umhverfi þáttökufyrirtækja Íslenskuþorpsins í því augnamiði að finna ný orð, skrifa þau niður, skoða merkingu og reyna að heyra hvað fólk segir í tilteknu samhengi. Það var líka verkefni hópanna fyrir og eftir heimsóknir í þorpið að vinna með orðaforða í kennslustofunni og heima. Hér má nefna að umræðan um færniþætti tungumála og kennslu þeirra snýst um að unnið sé með þá samþætt í náminu, samkvæmt Hedge (2002:232) er ekki hægt að aðskilja færniþætti og læra hvert fyrir sig. Hún leggur áherslu á samþættingu færniþáttabjálfunar. En um kennslufræðileg atriði í Íslenskuþorpinu var fjallað í kafla 3.5.

Mynd 2 að neðan sýnir niðurstöður kannananna þegar leitað var eftir viðhorfi málnemanna til þess hvort Íslenskuþorpið hafi verið gagnlegt að þeirra mati til að byggja upp orðaforða. Áberandi er hversu jákvæðir nemendur voru varðandi þennan þátt því mikill meirihluti segir að Íslenskuþorpið hafi verið mjög eða frekar gagnlegt við að byggja upp orðaforða í málinu. Í byrjendahópi Nordkurs sagði mikill meirihluti, eða 94,1% að meðaltali, að Íslenskuþorpið hafi verið gagnlegt við uppbyggingu orðaforða en aðeins 5,9% töldu það ekki gagnlegt. Í hópi lengra kominna Nordkurs-nema eru 60,0% þeirrar skoðunar að Íslenskuþorpið hafi verið gagnlegt en 40,0% eru annarrar skoðunar. Í Minneapolis-hópnum telur meirihluti, eða 92,9% þátttakenda að meðaltali, Íslenskuþorpið gagnlegt. Aðeins 7,1% úr þessu hópi sjá ekki kosti Íslenskuþorpsins við uppbyggingu orðaforða. Skoðanir þátttakenda eru mjög svipaðar í hinum tveimur hópnum, þ.e. 93,8% í Alþjóðlega hópnum og 92,5% í Framburði og tali I telja Íslenskuþorpið vera mjög eða frekar gagnlegt og í samræmi við það eru aðeins 6,2% og 7,5% þeirrar skoðunar að Íslenskuþorpið sé frekar lítið eða ekki gagnlegt við að byggja upp orðaforða í íslensku.



Mynd 2. Yfirlit yfir niðurstöður úr könnunum allra hópanna þar sem spurt var hvort málnemarnir teldu Íslenskuþorpið gagnlegt við að byggja upp orðaforða í málinu.


Þegar á alla hópana er litið er hægt að álykta að Íslenskuþorpið sé gagnleg leið til að þjálfa orðaforða í íslensku því í flestum tilvikum er mikill meirihluti nemenda sammála því. Hins vegar skera lengra komnir Nordkursnemendur (þ.e. NK2) sig nokkuð frá í samanburði við hina hópana þar sem afstaðan til Íslenskuþorpsins er ekki jafnjákvæð og afstaða hinna hópanna. Ekki er hægt að fullyrða um skýringuna á þessum mun en nánar verður vikið að honum í samantekt kaflans, eða kafla 5.3.

5.1.2 Hlustunarskilningur

Hlustun og skilningur á töluðu máli er mikilvægur liður í tileinkunarferli tungumáls. Eins og rætt var í kafla 3 að framan er þjálfun hlustunar einn grundvallarþátta Íslenskuþorpsins. Samskiptin í Íslenskuþorpinu gegna því hlutverki að þjálfa hlustunarskilning og eru samskiptin fólgin í að undirbúa sig í kennslustofunni, að hlusta á upptökur eða á dæmi kennarans og auðvitað að tala við afgreiðslufólk í þátttökufyrirtækjunum. Í kennslustofunni læra nemendur orðaforða, frasa og ýmsar reglur sem auðvelda það að skilja talmál. Einnig útskýra kennarar ýmis atriði sem skipta máli í íslensku talmáli og dæmigerðar upptökur eru notaðar til að sýna nemendum hvernig samskiptin á íslensku fara fram venjulega í tilteknu samhengi. Mikil hlustunaræfing eru heimsóknir nemenda í Íslenskuþorpið, þá fá nemendur ekki aðeins hlustunarreyfingu heldur líka tækifæri til að tala við afgreiðslufólk á íslensku. Nemendur í Nordkurs, Minneapolis og Alþjóðlega hópum tóku upp eigin samtöl við afgreiðslufólk og því voru þær notaðar aftur í kennslustofunni til að æfa sig í hlustunarskilningi. Nemendur í Framburði og tali I notuðu dæmi samtala frá kennaranum. En

aðalatriði sem styður við hlustunarskilning er mannleg samskipti í Íslenskuþorpinu sem koma í kjölfarið þegar undirbúningi í kennslustofunni er lokið, þ.e. nemendur fá raunverulega reynslu sem undirbýr þá undir raunveruleg samskipti í samfélaginu.

Spurt var um það í könnuninum hvort nemendur teldu Íslenskuþorpið vel til þess fallið að þjálfra hlustunarskilning. Heildarniðurstöðurnar má sjá á mynd 3 hér að neðan. Umtalsvert fleiri segja Íslenskuþorpið vera gagnlegt til að þjálfra skilning talaðs máls en þeir sem eru annarrar skoðunar. 88,3% að jafnaði í byrjendahópi Nordkurs og 73,3% í hópi lengra kominna telja að Íslenskuþorpið sé gagnlegt til að þjálfra hlustunarskilning en 11,7% í byrjendahópnum og 26,7% meðal lengra kominna eru ekki þeirrar skoðunar. Hér má aftur sjá nokkurn mun á afstöðu hópanna tveggja á Nordkursnámskeiðunum, sbr. það sem rætt var í kafla 5.1.1, en nánar verður vikið að þessu síðar í samantektarkafli 5.3. Í hinum hópunum telur mikill meirihluti Íslenskuþorpið hafa jákvætt gildi til að þjálfra hlustunarfærni, þ.e. 92,8% í Minneapolis-hópnum, 87,6% í Alþjóðlega hópnum og 82,5% í Framburði og tali I eru þessarar skoðunar. Í samræmi við áður nefnt er það mikill minnihluti sem telur Íslenskuþorpið frekar lítið eða ekki gagnlegt í þessu sambandi, þ.e. 7,2% í Minneapolis-hópnum, 12,4% í Alþjóðlega hópnum og 17,5% í Framburði og tali I.




Mynd 3. Yfirlit yfir niðurstöður úr könnunum allra hópanna þar sem spurt var hvort málmenarnir teldu Íslenskuþorpið gagnlegt við að þjálfra hlustunarskilning í málinu.

Að öllu samanlögðu er hægt að fullyrða af niðurstöðum kannananna að Íslenskuþorpið hjálpi við að þjálfra hlustunarskilning hjá nemendum.

5.1.3 Framburður

Skýr og nákvæmur framburður hljóða skiptir vitanlega miklu máli þegar fólk talar annað tungumál. Ónákvæmur framburður getur verið ástæða fyrir hreim og jafnvel valdið misskilningi í samskiptum. Eins og minnst var á í kafla 3.5 var framburður orða og samskiptafrasa að einhverju leyti æfður í kennslustundum, farið yfir helstu framburðarreglur málsins og íslenskt hljóðkerfi útskýrt áður en haldið var út í Íslenskuþorpið.

Á mynd 4 hér á eftir eru birtar niðurstöður úr könnuninum við spurningu um það hvort Íslenskuþorpið hafi verið gagnlegt til að þjálfra framburð. Þar má sjá að skoðanir í hópnum eru nokkuð ólíkar. Flestir, eða 82,3%, í byrjendahópi Nordkursnámskeiðsins segja Íslenskuþorpið vera gagnlegt við að þjálfra framburð en 17,7% eru á annarri skoðun. Lengra komnir á þessu námskeiði skilja sig frá byrjendunum í afstöðu sinni því meira en helmingur þátttakenda, eða 53,4%, segja Íslenskuþorpið ekki vera gagnlegt til að þjálfra íslenskan framburð á móti 46,6% sem telja það gagnlegt. Minneapolis-hópurinn er áberandi þegar myndin er skoðuð því allir þátttakenda, eða 100%, segja Íslenskuþorpið vera gagnlegt til að þjálfra þennan færniþátt. Hlutfall jákvæðrar afstöðu í hinum tveimur hópnum er hins vegar 87,4% í Alþjóðlega hópnum og 70% í Framburði og tali I á móti 12,6% og 30,0% neikvæðra.




Mynd 4. Yfirlit yfir niðurstöður úr könnunum allra hópanna þar sem spurt var hvort málnefarnir teldu Íslenskuþorpið gagnlegt við að þjálfra íslenskan framburð.

Þótt skoðanir hér séu nokkuð skiptar má segja þegar á heildina er litið að Íslenskuþorpið geti í meginatriðum talist gagnlegt við að þjálfra íslenskan framburð.

5.1.4 Tal

Talfærni er grundvallaratriði í samskiptum fólks og samskipti eru kjarni Íslenskuþorpsins. Venjulega tekur það tíma og stundum frekar langan tíma þangað til nemendur öðlast hæfni til að tjá sig á öðru tungumáli. Með Íslenskuþorpinu er ætlunin að auðvelda nemendum að þjálfa tjáningarfærni og að hvetja þá til að byrja að tala sem fyrst. Viðfangsefni nemendanna var að heimsækja þáttökufyrirtæki Íslenskuþorpsins og að eiga samskipti þar jafnvel þótt þeir hefðu ekki lært mikið í íslensku. Þannig eru nemendur í hlutverki „lærisveins“ og njóta þekkingar „lærismeistarans“, þ.e. starfsfólks, eins og rætt var í kafla 2. Einnig má segja að Íslenskuþorpið hafi hjálpað mörgum nemendanna að taka sín fyrstu skref við notkun málsins í samskiptum við Íslendinga á íslensku.

Mynd 5 hér að neðan sýnir hvað nemendum finnst um gildi Íslenskuþorpsins til að þjálfa tal. Það er athyglisvert að langflestir telja þorpið hafa mikið gildi í þessu sambandi og vekur athygli að í tveimur hópum eru allir þátttakendur þessarar skoðunar. 88,2% þátttakenda í byrjendahópi Nordkurs-námskeiðsins og 80,0% þeirra sem eru lengra komnir segja að Íslenskuþorpið sé gagnlegt til að þjálfa tal og í samræmi við það segja 11,8% og 20,0% að það sé ekki mjög gagnlegt eða ekki gagnlegt. Bæði í Minneapolis- og í Alþjóðlega hópnum töldu allir þátttakendur að Íslenskuþorpið gagnaðist vel eða frekar vel til að þjálfa tal, eins og áður segir. Það gerði einnig mikill meirihluti þátttakenda í Framburði og tali I, eða 85,0%, en 15,5% voru á öndverðri skoðun.



Mynd 5. Yfirlit yfir niðurstöður úr könnunum allra hópanna þar sem spurt var hvort málernirnir teldu Íslenskuþorpið gagnlegt við að þjálfa talfærni í íslensku.


Samkvæmt niðurstöðum hér á undan er hægt fullyrða að Íslenskuþorpið sé gagnlegt við að þjálfa talmál málnema því eins og mynd 5 sýnir er yfirgæfandi meirihluti þátttakenda í öllum hópunum þeirrar skoðunar. Þessar upplýsingar benda til þess að einu helsta markmiði með Íslenskuþorpinu hafi verið náð, þ.e. að þjálfa tal- og samskiptafærni sem búa þá undir þátttöku í samfélaginu, eins og var fjallað um það í kafla 3.1.

5.1.5 Skilningur almennt

Meðal annars hefur verið í könnununum athugað hvort þátttakendur telji Íslenskuþorpið gagnlegt til að byggja upp skilning almennt í málinu og samskiptum í Íslenskuþorpinu. Hugtakið „skilningur almennt“ er frekar vítt og getur þýtt mikið en í könnuninni var átt við samskiptavenjur og framgöngu fólks í Íslenskuþorpinu. Samkvæmt Brown (2001:62) eru nemendum kenndar ýmsar menningarlegar venjur og gildi, hugsunarhættir, málkennd og jafnvel hegðun, þegar um tileinkun annars máls er að ræða. Þannig var gengið út frá því að í Íslenskuþorpinu öðluðust nemendur þekkingu á því hvernig á að athafna sig til dæmis á kaffihúsi, á bókasafni o.s.frv.

Útlendingar sem eru nýkomnir til landsins vita til dæmis ekki allir að maður fær fría áfyllingu á venjulegt kaffi eða að hægt er að borga með korti alls staðar. Fyrsta heimsóknin í Íslenskuþorpið á ekki aðeins að veita tækifæri til að safna orðaforða heldur líka að kynnast umhverfinu og venjum sem eru ríkjandi þar. Með því að rannsaka og skoða vettvang getur viðkomandi skoðað eigin samskipti og annarra og ímyndað sér við hverju megi búast þegar til raunverulegra samskipta kemur í viðskiptum í Íslenskuþorpinu. Slík kunnátta styður við tjáskiptahæfni nemenda í raunveruleikanum.

Niðurstöðurnar á mynd 6 hér að neðan eru nokkuð samhljóða ef á heildina er litið því langflestir þátttakenda voru sammála um gagnsemi Íslenskuþorpsins við málanámið. 88,3% í hópi byrjenda á Nordkurs-námskeiðinu segja að Íslenskuþorpið sé gagnlegt til að þjálfa skilning almennt en 11,7% eru andstæðrar skoðunar. Hópur lengra kominna Nordkurs-nema sker sig úr þegar allir hópar eru skoðaðir, en aðeins 53,4% telja Íslenskuþorpið gagnlegt við að byggja upp skilning almennt og 46,6% finnst það ekki hjálpa. Minneapolis-hópurinn er áberandi vegna þess að 100% þátttakenda eru sammála því að Íslenskuþorpið styðji við almennan skilning. 81,4% þátttakenda í Alþjóðlegum hópi telja Íslenskuþorpið gagnlegt til að byggja upp skilning almennt í málinu og 18,6% eru öndverðrar skoðunar. Í Framburði og tali I segja 87,5% að Íslenskuþorpið sé gagnlegt og 12,5% segja að Íslenskuþorpið sé ekki gagnlegt til að þjálfa skilning í málinu almennt.



Mynd 6. Yfirlit yfir niðurstöður úr könnunum allra hópanna þar sem spurt var hvort málmenarnir teldu Íslenskuþorpið gagnlegt við að byggja upp skilning almennt í málinu


Þegar allt kemur til alls má gera ráð fyrir því að Íslenskuþorpið gegni því hlutverki að hjálpa við að auka skilning á samskiptavenjum og tjáskiptum í umhverfi Íslenskuþorpsins.

5.1.6 Sjálfstraust

Sjálfstraust málhafa skiptir miklu máli við notkun annars máls, þ.e. hvort viðkomandi er tilbúinn að tjá sig á nýja tungumálinu, hvort hann er tilbúinn að hefja samskipti á íslensku og standa á eigin fótum ef samtalið þróast á ófyrirséðan hátt. Kvíði og áhrif þess á tileinkun annars tungumáls er mikilvægt atriði þegar nemendur nota nýtt tungumál (sbr. Skehan 1997:115). Samkvæmt Brown (2001:62) er sjálfstraust nemandans, að nemandanum takist að eiga samskipti, áhrifamikil atriði til að árangur náist í raun og veru. Sjálfstraust segir mikið um líðan nemandans við notkun málsins og þar af leiðandi við máltileinkunina, það er ólíklegt að mátleinkun eigi sér stað þegar nemandi er stressaður og treystir sér ekki (sbr. Yule 2010:189). Hugmyndin á bak við Íslenskuþorpið er meðal annars sú að veita nemendum tækifæri til að eiga samskipti á íslensku og að Íslenskuþorpið hvetji málmenana til að tjá sig og að umgjörðin veiti þeim jákvæða talmálsreynslu sem muni auka sjálfstraust þeirra til að tala íslensku í daglegum samskiptum.

Mynd 7 að neðan sýnir viðhorf þátttakenda til þess hvort Íslenskuþorpið hafi verið gagnlegt við að byggja upp og auka sjálfstraust. Þegar á heildina er litið má sjá að flestum þeirra fannst Íslenskuþorpið vera gagnlegt í því tilliti. 88,2% nemenda í byrjendahópi Nordkurs telja Íslenskuþorpið mjög eða frekar gagnlegt en aðeins 11,8% eru öndverðrar skoðunar. Lengra komnir Nordkursnemendur telja í 73,4% tilvika að jafnaði Íslenskuþorpið

gagnlegt. Minneapolis hópurinn telur Íslenskuþorpið mjög eða frekar gagnlegt við að byggja upp sjálfstraust í 100% tilvika og 85% að jafnaði í Framburði og tali I eru sömu skoðunar. Samkvæmt því telja aðeins 12,5% nemenda í Alþjóðlegum hópi og 15,0% í Framburði og tali I Íslenskuþorpið ekki gagnlegt við að byggja upp sjálfstraust við notkun málsins.



Mynd 7. Yfirlit yfir niðurstöður úr könnunum allra hópanna þar sem spurt var hvort málnefarnir teldu Íslenskuþorpið gagnlegt við að byggja upp sjálfstraust við notkun málsins.

Þegar litið er á niðurstöður viðhorfskannanna meðal allra hópa þátttakenda í heild má sjá að um 73-100% þátttakenda eru að jafnaði þeirrar skoðunar að Íslenskuþorpið gagnist mjög mikið eða frekar mikið til að styrkja sjálfstraust við notkun málsins. Venjulega bíða nemendur frekar lengi þar til þeim sýnist að réttur tími sé kominn til að byrja að tala annað mál, þ.e. íslensku í þessu tilviki. En með því að auka sjálfstraust þeirra má búast við því að þessi biðtími styttest og nemendur byrji að beita tungumálinu fyrr (í raunveruleikanum). Þetta skiptir miklu máli því máltileinkun er nátengd málnotkun eins og rætt var í kafla 2 og ánægjulegt að sjá af þessum niðurstöðum að Íslenskuþorpið gagnist málnefnum við að auka sjálfstraust.

5.1.7 Samantekt – Gildi Íslenskuþorpsins við uppbyggingu færniþátta

Þegar allt kemur til alls má draga þá ályktun að með samanburði nemendamats hér á undan var leitast hvort Íslenskuþorpið sé gagnlegt við að byggja upp helstu færniþætti í málinu. Í næstum því öllum tilvikum telja nemendur að Íslenskuþorpið styðji við tileinkun orðaforða, hlustunarskilningar, framburðar, tals og fleiri atriða s.s. skilnings almennt og sjálftrausts við

notkun málsins. Einnig er þess virði að beina athygli að því að flestir nemendur í Nordkurs lengra kominna hóp telja Íslenskuþorpið ekki gagnlegt við að þjálfra íslenskan framburð. Samt sem áður er hægt að svara fyrstu rannsóknarspurningunni núna (1) a játandi, þ.e. Íslenskuþorpið er gagnlegt við að byggja upp helstu færniþætti í málinu.

5.2 Helstu kostir Íslenskuþorpsins

Eins og fram kom í (1) b í fyrsta kafla ritgerðarinnar er önnur meginspurningin sem lögð er til grundvallar í þessari umfjöllun sú að komast að því hverjir eru helstu kostir Íslenskuþorpsins við máltileinkun að mati íslenskunemanna.

Nemendurnir voru beðnir um að láta í ljós sína skoðun með því að svara opinni spurningu um málið og skrifa lýsingu í þar til gerðan reit í könnuninni. Tafla 2 að neðan sýnir yfirlit yfir hópana sem tóku þátt í könnuninum. Fyrst má sjá nemendur og tölur á Nordkursnámskeiðunum, byrjendur og lengra komna, síðan nemendafjölda á Minneapolisnámskeiðinu, svo fjölda á Alþjóðlega námskeiðinu og loks nemendur í Framburði og tali I úr Hagnýtri íslensku sem öðru máli. Í töflu 2 hér að neðan kemur einnig fram heildarfjöldi nemenda í hverju námskeiði, fjöldi svarenda og svarhlutfall.

	Nordkurs hópur Byrjendur	Nordkurs hópur Lengra komnir	Minneapolis hópur	Alþjóðlegur hópur	Framburður og tali I
Heildarfjöldi nemenda	20	13	15	16	97
Fjöldi svarenda	19	13	14	16	39
Svarhlutfall	95%	100%	93%	100%	40%

Tafla 2. Heildarfjöldi nemenda, fjöldi svarenda í hópunum og hlutfall þeirra sem svöruðu.

5.2.1 Yfirlit yfir skoðanir nemendanna

Hér verður gefið yfirlit yfir svör nemenda allra hópa. Úrvinnsla svaranna fer fram með því að flokka þau samkvæmt helstum einkennum og aðalatriðum sem eru endurtekin í svörunum. Til að lýsa kostum Íslenskuþorpsins er stuðst við ummæli nemenda og þegar á öll svör þátttakenda er litið má flokka þau eftir sameiginlegum einkennum í 4 flokka:

- 1) Íslenskuþorpið gegnir mikilvægu hlutverki við að auka sjálfstraust:
 - hjálpar við að losna við ótta að tala og gera mistök;
 - nemendur njóta þess að reyna að tala og tjá sig í staðinn fyrir að vera stressaðir yfir því að samskipti mistakist;
 - nemendur geta talað við Íslendinga og sannfærast um að Íslendingar skilja þá;

- jákvæð reynsla af því að tala í Íslenskuþorpinu hvetur til notkunar tungumálsins annars staðar;
 - eftir að hafa átt árangursrík samskipti við þolinmótt og hjálpsamlegt fólk eykst sjálfstraust sem hvetur til að halda áfram að nota íslensku sjálfstætt.
- 2) Íslenskuþorpið hvetur til að byrja að nota tungumálið snemma í náminu:
- nemendur verða vissir um að þeir séu færir um að nota tungumálið strax eftir að hafa lært ný íslensk orð og frasa og nota því íslensku í staðinn fyrir ensku;
 - spurningin í huga málnemanna snýst ekki lengur um það hvort eigi að tala íslensku eða ensku heldur hvernig eigi að tala íslensku;
 - skylda til að tala íslensku í þeim tilgangi að klára viðfangsefni gagnast því það myndar hefð að nota íslensku í samskiptum;
 - það er líklegt að nemendur hafi ekki þorað að tala íslensku svo snemma við aðra en Íslenskuþorpið auðveldaði þeim að taka fyrsta skrefið;
 - nemendum fannst gagnlegt að vera skyldugir til að fara í Íslenskuþorpið og hafa tækifæri til að æfa talmál.
- 3) Íslenskuþorpið veitir tækifæri til að eiga raunveruleg samskipti utan kennslustofunnar:
- nemendur drógu í efa að þeir hefðu talað svona mikið á íslensku utan kennslustofunnar ef Íslenskuþorpið hefði ekki verið hluti af námskeiðinu;
 - nemendum finnst merkilegt að geta talað við innfædda á íslensku og þurfa ekki að hafa áhyggjur af að skipt verði yfir á ensku;
 - þolinmótt afgreiðslufólk sem vill hjálpa nemendum og leiðrétta mistök þeirra skiptir miklu máli fyrir líðan nemenda;
 - það er hagnýt reynsla í samfélaginu sem nýkomnir til Íslands eiga erfitt með að upplifa;
 - skiptinemar eiga venjulega í samskiptum við aðra skiptinema en með Íslenskuþorpinu læra þeir ekki aðeins að nota íslensku í daglegum samskiptum heldur að þekkja ríkjandi hefðir;
 - eftir að hafa lært að panta sér mat, kaffi o.s.frv. í Íslenskuþorpinu halda nemendur áfram að nota tungumálið í samfélaginu þótt það sé ekkert kennslutengt viðfangsefni.

- 4) Íslenskuþorpið veitir tækifæri til að taka eftir eigin mistökum snemma í tileinkunarferlinu og forðast þau í samskiptum í framtíðinni:
- það er gagnlegt að hlusta á upptökur á eigin samskiptum eða að hugsa um undangengin samskipti. Reyna að finna mistök og það sem betur mátti fara í upprunalegum samskiptum;
 - að fara yfir mistök veitir tækifæri til að laga málfræði- og framburðarvillur;
 - nemendur læra réttan og hagnýtan orðaforða sem er notaður venjulega í hversdagslegu lífi.

Auk þess sem hér hefur verið rakið hafa nemendur minnst á gagnsemi þess að skrifa dagbók, að hlusta og rannsaka umhverfi vandlega og auka skilning og orðaforða. Þar á ofan benda nemendur á að merkilegt var að deila eigin reynslu með öðrum. Einnig var sagt að vinnuspjald hefði nýst vel í heimsóknum í þáttökufyrirtækjum. Nemendur lögðu mikla áherslu á hve (afgreiðslu)fólk væru spennandi viðmælendur. Án Íslenskuþorpsins hefði verið miklu erfiðara að hafa raunveruleg samskipti á íslensku.

Til viðbótar má nefna að nemendur telja að skylda að tala íslensku við fólk í samfélaginu styðji máltileinkun töluvert. Og síðast en ekki síst má taka eftir því að í ummælum nemenda er jákvætt viðhorf áberandi, það endurspegladist einnig í svörunum um gildi Íslenskuþorpsins í undirkafla 5.1.

5.2.2 Samantekt – Helstu kostir Íslenskuþorpsins

Með því að greina skoðanir nemenda í öllum hópum var leitað að svarinu við því hverjir eru helstu kostir Íslenskuþorpsins við máltileinkunina. Þegar meginatriði úr svörum voru dregin saman kom í ljós að nemendur telja að helstu kostir Íslenskuþorpsins séu fólgnir meðal annars í fjórum aðalatriðum, þ.e. að auka sjálfstraust, hvetja til talmálsnotkunar snemma í námsferlinu, bjóða upp á raunveruleg samskipti utan kennslustofunnar og forðast ýmis tungumálamistök í samskiptum. Einnig var nefnt að mikill kostur sé að nemendur eiga ekki að semja sjálfir við fólk að samskipti færu fram á íslensku. Þar af leiðir er óhætt að svara annarri rannsóknarspurningunni í (1) b með því að segja kosti Íslenskuþorpsins eftirfarandi: möguleiki að eiga raunveruleg og hvetjandi samskipti á íslensku í samfélaginu sem gagnast til að skoða og leiðrétta orðanotkun í tilteknu samhengi og hjálpar að auka sjálfstraust við notkun tungumálsins.

5.3 Samantekt

Í þessum kafla var sjónum einkum beint því að að finna svar við rannsóknarspurningunni með hliðsjón af tveimur undirspurningum hennar. Eins og hefur komið í ljós má túlka skoðanir nemenda þannig að Íslenskuþorpið gagnist til að byggja upp og þjálfa helstu færniþætti málsins, þ.e. orðaforða, hlustunarskilning, framburð og tal. Þar að auki þjálfa Íslenskuþorpið tjáskiptahæfni s.s. skilning málsins almennt, samskiptahefðir og eykur sjálfstraust nemenda til að tala tungumálið (sjálfstætt) úti í samfélaginu. Þar á ofan er athyglisvert að nemendur benda á að kostir Íslenskuþorpsins eru raunveruleg og hvetjandi samskipti á íslensku í samfélaginu sem gagnast þeim til að skoða og leiðrétta orðanotkun í tilteknu samhengi og hjálpar þeim að auka sjálfstraust við notkun tungumálsins. Að svo búnu er hægt að svara rannsóknarspurningu ritgerðarinnar ótvírætt að Íslenskuþorpið styðji við tileinkun íslensku sem annars máls.

Til viðbótar má nefna að athyglisvert atriði kom í ljós í fyrirgreindum niðurstöðum. Lengra komnir Nordkurs-nemendur (NK2) hafa að mestu leyti ekki jafn jákvæða afstöðu til Íslenskuþorpsins og NK1 hópur (og hinir hóparnir líka) þegar um uppbyggingu færniþátta er að ræða. Fróðlegt er að velta vöngum yfir hugsanlegri ástæðu þess. Mögulega gæti þetta þýtt að námsefni sumarsins og verkefni sem nemendur í þessum hópi fengu í Íslenskuþorpinu hafi frekar verið við hæfi byrjenda en þeirra sem höfðu einhverja kunnáttu í íslensku þegar þeir komu til landsins. En til þess að fullyrða um þetta þarf frekari rannsóknir á þessum þáttum.

6. Lokaorð

Viðfangsefni þessarar ritgerðar var tileinkun íslensku sem annars máls og var sjónum einkum beint að hlutverki Íslenskuþorpsins í því frá sjónarhorni nemenda.

Í fyrsta kafla var málefni ritgerðarinnar kynnt, lögð var fram rannsóknarspurningin og farið var yfir skipulag efnisins.

Í öðrum kafla var athygli beint að fræðilegum grunni Íslenskuþorpsins. Fyrst var gefið yfirlit yfir rannsóknir í annarsmálsfræðum, síðan var sérstakri athygli beint að félags- og menningarkenningu Vygotskys og gerð grein fyrir henni. Að lokum var fjallað um það sem einkennir máltileinkun í umhverfi fyrir utan kennslustofu og um nýjustu rannsóknir á sviðinu. Samkvæmt því sem kom fram í kaflanum var Íslenskuþorpið skilgreint sem frumkvæði til að nýta tækifæri sem eru umhverfis í samfélaginu til þess að styðja við máltileinkun íslensku sem annars máls.

Í þriðja kafla var sjónum beint að þeim þáttum sem mynda kjarna Íslenskuþorpsins. Var komið að því að Íslenskuþorpið er einstætt námsumhverfi innan raunverulegra fyrirtækja úti í samfélaginu fyrir nemendur til að þjálfa íslensku sína. Einnig var sagt frá því að Íslenskuþorpið er þverfaglegt samstarfsverkefni ýmissa fræðimanna á sviði annarsmálsfræða. Fræðilegar forsendur Íslenskuþorpsins voru lagðar fram, s.s. í fyrsta lagi almenn enskukunnátta á Íslandi og í öðru lagi þjálfun sem nemarnir fá í samskiptum á íslensku er því að mestu einskorðuð við kennsluumhverfið, en kennslan í kennslustofum tekur hins vegar ekki nægilegt mið af því sem nemendur reyna að gera utan hennar. Raunveruleg mótun Íslenskuþorpsins tengist fyrirtækjum þar sem nemendur fara að þjálfa íslensku sína. Vikið var að hönnun og umgjörð Íslenskuþorpsins. Kynntur var sérstakur kennslufræðilegur grunnur sem liggur á bak við hugmynd Íslenskuþorpsins og styður samskipti nemenda í samfélaginu og hvetur þá til sjálfstæðrar málnotkunar.

Í fjórða kafla var viðhorfskönnun kynnt. Fyrst var skoðað hvað hefði verið kannað og þá var litið á þátttakendur könnunarinnar. Fjórum nemendahópum sem notuðu Íslenskuþorpið í námskeiðunum var lýst. Einnig var gerð grein fyrir gagnasöfnun.

Í fimmta kafla var fjallað um gildi Íslenskuþorpsins og gerð var grein fyrir niðurstöðum viðhorfskannana. Að mati yfirgnæfandi meirihluta nemenda gagnast Íslenskuþorpið til að byggja upp og þjálfa helstu færniþætti málsins, þ.e. orðaforða, hlustunarskilning, framburð og tal. Þar að auki þjálfar Íslenskuþorpið tjáskiptahæfni, þ.e. skilning málsins almennt, samskiptahefðir og eykur sjálfstraust nemenda til að tala

tungumálið sjálfstætt úti í samfélaginu. Nemendur benda á að helstu kostir Íslenskuþorpsins séu fólgnir meðal annars í fjórum aðalatriðum, þ.e. að auka sjálfstraust, hvetja til talmálsnotkunar snemma í námsferlinu, bjóða upp á raunveruleg samskipti utan kennslustofunnar og skoða og leiðrétta orðanotkun í tilteknu samhengi í samskiptum. Tungumálasamningurinn sem hefur verið gerður áður við fyrirtæki Íslenskuþorpsins var nefndur einnig sem mikill kostur.

Rannsóknarspurningu ritgerðarinnar sem lögð hefur verið fram í 1. kafla er svarað játandi: Íslenskuþorpið styður við tileinkun íslensku sem annars máls.

Auk þess má nefna að Íslenskuþorpið ætti að styðja vel við íslenska málstefnu og samfélagslegt gildi. Í íslenskri málstefnu er lögð sérstök áhersla á að efla íslenskukennslu fyrir útlendinga og að íslenska verði áfram aðalsamskiptamálið í fjölmenningslegu samfélagi á Íslandi (sbr. Menntamálaráðuneytið 2008). Þar við bætist að samskiptin í Íslenskuþorpinu geta því verið mikilvæg til að styrkja samskipti útlendinga, innflytjenda og Íslendinga og þannig ekki aðeins minnkað fordóma heldur einnig aukið samkennd.

Ef á framtíð Íslenskuþorpsins er litið má sjá möguleika af ýmsu tagi, s.s. þróun sambærilegra þorpa úti á landi eða annars staðar á Norðurlöndum og einnig marga og spennandi rannsóknarmöguleika á tileinkun annars máls. Líklegt er að fjöldi nýrra fyrirtækja bætist við í hóp Íslenskuþorpsins í framtíðinni og Íslenskuþorpinu verði komið á fót á sem flestum stöðum á Íslandi þar sem þörf er á íslenskukennslu fyrir erlenda nemendur. Einnig var búinn til rannsóknarbanki með hljóðupptökum af samskiptum nemenda við Íslendinga í Íslenskuþorpinu og hann er dýrmætur grundvöllur fyrir frekari rannsóknir í annarmálsfræðum og gerð kennsluefnis í íslensku sem öðru máli.


Ennfremur liggja margir möguleikar fyrir til þess að rannsaka nánar viðhorf nemenda til Íslenskuþorpsins því í þessari ritgerð var athyglinni aðeins beint að tveimur atriðum, þ.e. uppbyggingu færniþátta í íslensku með stuðningi Íslenskuþorpsins og helstu kostum Íslenskuþorpsins við tileinkun málsins.

Heimildaskrá

- Birna Arnbjörnsdóttir. 2007. Kenningar um tileinkun og nám annars máls og erlendra mála. *Mál málanna*, bls. 13–47. Ritstj. Auður Hauksdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Reykjavík.
- Bley-Vroman, R. 1983. The comparative fallacy in interlanguage studies: The case of systemacity. *Language Learning*, 33, 1–17.
- Brown, H. Douglas. 2001. *Teaching by Principles: An Interactive Approach to Language Pedagogy*. Longman, New York.
- Bruner, J. 1973. *Going beyond the information given*. New York: Norton.
- Clark, Brendon, Johannes Wagner, Karl Lindemalm og Olof Bendt. 2011. Sprákskap: Supporting Second Language Learning “In the Wild”. *Include*. Royal College of Art, London.
- Cook, V.J. 1999. Going beyond the native speaker in language teaching. *TESOL Quarterly*, 33(2), 185–209.
- Ellis, N. og D., Larsen-Freeman. 2006. Language emergence: Implications for applied linguistics: Introduction to the special issue. *Applied Linguistics*, 27(4), 558–589.
- Firth, Alan og Johannes Wagner. 1997. On discourse, communication and (some) fundamental concepts in SLA. *Modern Language Journal*, 81, 285–300.
- Gee, J.P og Green, J.L. 1998. Discourse analysis, learning and social practice: A methodological study. *Review of Research in Education*, 23, 119–169.
- Guðlaug Stella Brynjólfsdóttir. 2011. *Íslenskuþorpið: Íslenskukennsla fyrir erlenda nemendur og íslenskunám úti í samfélaginu*. Óprentuð M.Paed.-ritgerð. Háskóli Íslands.
- Guðrún Theodórsdóttir. 2010. *Conversations in Second Language Icelandic: Language Learning in Real life Environments*. Óprentuð doktorsritgerð. Syddansk Universitet, Óðinsvé, Danmörk.
- Guðrún Theodórsdóttir. 2011. Language Learning Activities in Real-Life Situations: Insisting on TCU Completion in Second Language Talk. *L2 learning as a social practice: Conversation-analytic perspectives*, bls. 185–208. Ritstj. Gabriele Palloti og Johannes Wagner. National Foreign Language Resource Center, Honolulu.

- Guðrún Theodórsdóttir og Søren W. Eskildsen. 2011. The use of English in everyday Icelandic as a second language: establishing intersubjectivity and doing learning. *Nordand* 6(2):59–85.
- Háskóli Íslands. 2013. Nemendur. Sótt 8. maí 2013 af <http://www.hi.is/adalvefur/nemendur>
- Hedge, Tricia. 2002. *Teaching and Learning in the Language Classroom*. Oxford University Press, Kína.
- IcelandicOnline. [Án árs]. Sótt 8. maí 2013 af <http://www.icelandiconline.is>
- Íslenskuþorpið. 2012. Íslenskuþorpið – leið til þátttöku í daglegum samskiptum á íslensku. Sótt 8. maí 2013 af <http://www.islenskuthorpid.is/>
- Lave, J. og Wegner, E. 1991. *Situated learning: Legitimate peripheral participation*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Menntamálaráðuneyti. 2008. Íslenska sem annað mál. *Íslenska til alls: Tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu*, bls. 79–82. Sótt 8. maí 2013 af http://www.islenskan.is/Islenka_til_alla.pdf
- Mitchell, Rosamond og Florence Myles. 1998. *Second Language Learning Theories*. Arnold, London.
- Saville-Troike, Muriel. 2006. *Introducing Second Language Acquisition*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Skehan, Peter. 1997. *Individual differences in Second-Language Learning*. Arnold, New York.
- Wagner, Johannes. 2004. The classroom and beyond. *Modern language journal*, 88(4): 612–616.
- Wagner, Johannes. 2010. *Learning and doing learning in interaction: What do Participants do in Everyday out-of-school Second Language Talk?* Erindi flutt á námskeiðinu Language Learning and Socialization through Conversations. 20.-23. febrúar 2010.
- Yule, George. 2010. *The Study of Language*. Cambridge University Press, Cambridge.

Viðauki 1. Fjöldi nemenda



Fjöldi nemenda í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands

(Háskóli Íslands 2013)

Viðauki 2. Einkennismerki Íslenskuþorpsins



(Íslenskuþorpið 2012)

Viðauki 3. Sýnishorn spurninganna í könnuninum

a. Uppbygging færniþátta í íslensku með stuðningi Íslenskuþorpsins

- How has The Icelandic Village been helpful to improve your Vocabulary/ Listening/ Pronunciation/ Speaking/ General understanding/ Self-confidence in using Icelandic?

b. Helstu kostir Íslenskuþorpsins við tileinkun málsins

- What would you say was the biggest advantage of The Icelandic Village?

c. Námsefni Íslenskuþorpsins

- We would like to know what you thought about the course material in The Icelandic Village folder (mappa). How useful was it?
- We would like to know what you think about the course material in The Icelandic Village workbook. How useful was: Activity card/ My Icelandic/ Supportive material?
- What is your opinion on The Icelandic Village folder (mappa)?
- Your suggestions to improve The Icelandic Village folder
- Do you think that recording your conversations and listening to them was helpful?

d. Fyrirtæki Íslenskuþorpsins

- A part of your assignments was to visit different businesses and have a social interaction there. Please evaluate your experience at the following businesses: University printing/ Bookstore on campus/ Coffee-shop/ Library / Bakery/ Swimming pool/ Bookshop/ Museum/ Restaurant/ Place of your choice.
- What other places would you suggest visiting apart from the ones mentioned in the question above?
- You have visited different places in The Icelandic Village before going to the place of your own choice (Þitt fyrirtæki). Could you please describe how was your previous experience in The Icelandic Village helpful to do your business in the place you chose to go to?

e. Ýmis atriði

- Did you have any prior knowledge in Icelandic language before you started this course?
- Who was your teacher?
- Are you an exchange student?
- Which of the following practice class did you belong to in this course?
- Please evaluate the INSTRUCTIONS and EXPLANATIONS on how to: Work with The Icelandic Village folder (mappa)/ Record your conversations and work with your recordings/ Do your homework/ Prepare for your classes/ Use help material
- You were asked to join Facebook group and participate in discussions on it. What do you think of it?
- Can you please comment on your PREPARATION (undirbúningur) for your visits to The Icelandic Village. Was this part helpful?
- Can you please comment on your HOMEWORK (heimavinna) after your visits to The Icelandic Village. Was this part helpful?
- Can you please comment on your CLASS ROOM (kennslustofa) activity after your visits to The Icelandic Village. Was this part helpful?
- Presentations in class (tímaverkefni 3, 4 og 5) were based on your work in The Icelandic Village. Did you find this work helpful for your learning?
- Were some of the activities in The Icelandic Village outside of your comfort zone? If Yes, please specify.
- You worked on listening and comprehension assignments in class (+ sound files) from The Icelandic Village. Did you find this work helpful for your learning?
- How did you feel about using your own money in The Icelandic Village?
- Did you use the supportive material in the back of the workbook?
- What other supportive material did you use in this course?
- Would you recommend using The Icelandic Village for future courses?
- Please let us know if you have any suggestions, recommendations or additional comments about The Icelandic Village.